



**VSÓ** RÁÐGJÖF



# **FJARÐARHEIÐARGÖNG - BREYTING Á VEGLÍNU SUÐURLEIÐAR OG FÆRSLA Á INNTAKSLÓNI VATNSVEITU, MÚLAÞINGI**

**Matsskyldufyrirspurn**

**Apríl 2023**



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Forsendur framkvæmdar og tilgangur</b>	<b>1</b>
<b>3</b>	<b>Tilkynningarskylda</b>	<b>2</b>
<b>4</b>	<b>Staðhættir</b>	<b>3</b>
4.1	Skipulag	3
4.2	Verndarsvæði	3
<b>5</b>	<b>Valkostir</b>	<b>7</b>
5.1	Valkostir Suðurleiðar	7
5.2	Valkostir um færslu inntakslónsins	7
<b>6</b>	<b>Framkvæmdalýsing</b>	<b>9</b>
6.1	Breyting á Suðurleið	9
6.2	Færsla á inntakslóni vatnsveitu	9
<b>7</b>	<b>Umhverfisáhrif</b>	<b>12</b>
7.1	Áhrif á vistgerðir og gróður	13
7.2	Áhrif á fornleifar	16
7.3	Áhrif á landnotkun og verndarsvæði	19
7.4	Áhrif á vatnafar og vatnsvernd	20
<b>8</b>	<b>Samráð</b>	<b>20</b>
8.1	Leyfi sem framkvæmdin er háð	20
<b>9</b>	<b>Niðurstaða mats</b>	<b>21</b>
<b>10</b>	<b>Heimildir</b>	<b>22</b>
<b>11</b>	<b>Viðaukar</b>	<b>23</b>



## 1 Inngangur

Vegagerðin áformar að breyta hluta veglínu Suðurleiðar frá því sem kynnt var í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga í maí 2022 (Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf, 2022). Þar lagði Vegagerðin Suðurleiðina fram sem aðalvalkost Héraðsmegin, sem tengingu frá Fjarðarheiðargöngum að þéttbýli Egilsstaða.

Í matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir breytingu á legu Suðurleiðar á kaflanum frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi, um 1,5 km suður af Egilsstaðavegamótum, og austur fyrir Háslæk. Til skoðunar voru tveir valkostir Suðurleiðar, valkostur B og valkostur C, til viðbótar við valkost A sem kynntur var í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Eftir nánari skoðun og út frá athugunum á vistgerðum og gróðri sem njóta verndar leggur Vegagerðin til að valkostur B verði valinn. Þar vegur mest að sá valkostur mun raska minna af votlendi og náttúrulegu birki sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og blæösp, sem er friðlýst samkvæmt auglýsingu nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna, samanborið við aðra valkosti sem skoðaðir voru.

Gerð er grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar, samræmi við skipulag og mögulegum áhrifum á umhverfið. Einnig eru lagðar til mótvægisáðgerðir á framkvæmdatíma til að draga úr mögulegum áhrifum þar á. Það er niðurstaða Vegagerðarinnar að nauðsynlegt sé að hliðra Suðurleiðinni til suðurs í þeim tilgangi að minnka áhrif á vistgerðir og gróðurfur, og vegna mögulegrar stækkunar á byggingarlandi við Egilsstaði norðan við Suðurleið. Með valkosti B telur Vegagerðin að tekið hafi verið fullt tillit til sjónarmiða um umferðaröryggi og umhverfisáhrifa með því að draga sem kostur er úr raski á vistgerðum og plöntum sem njóta sérstakrar verndar eða eru friðlýst.

Í matsskyldufyrirspurn er jafnframt gerð grein fyrir færslu inntakslóns vatnsveitu ofar í Fjarðará. Vegagerðin, í samvinnu við HEF Veitur, hefur skoðað fýsileika þeirrar færslu en sú tillaga kom fram í athugasemd HEF Veita um umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga. Færslan er talin ákjósanleg og líkleg til að draga mjög úr áhættu á áhrifum á vatnsvernd líkt og Skipulagsstofnun benti í áliti sínu um umhverfismat Fjarðarheiðarganga, dags. 22.12.22. Tveir valkostir eru til skoðunar á færslu inntaksins. Með færslunni verður breyting á vatnsverndarsvæðum þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðarganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verður ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis.

Umhverfispættirnir sem teknir eru fyrir í matskyldufyrirspurninni eru vistgerðir og gróður, fornleifar, vatnafar og vatnsvernd, og landnotkun og verndarsvæði. Helstu neikvæðu umhverfisáhrifin eru á vistgerðir og gróður sem njóta verndar. Það er niðurstaðan að með hönnun, mótvægisáðgerðum og ákveðnu verklagi verði hægt að draga sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið á þann hátt að þau teljist ekki umtalsverð í skilningi laga nr. 111/2021, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða og áhættuminnkandi áðgerða.

## 2 Forsendur framkvæmdar og tilgangur

Fyrirhugað er að leggja Seyðisfjarðarveg nr. 93 í jarðgöngum undir Fjarðarheiði í þeim tilgangi að bæta vegasamgöngur við Seyðisfjörð. Umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar fyrir Fjarðarheiðargöng var lögð fram til Skipulagsstofnunar í maí 2022 og lá álit Skipulagsstofnunar fyrir í desember 2022. Í umhverfismatsskýrslunni var gerður ítarlegur samanburður á þremur valkostum m.t.t. umhverfisáhrifa, umferðaröryggis, kostnaðar og samræmi við veghönnunarreglur. Þar lagði Vegagerðin Suðurleiðina fram sem aðalvalkost, ásamt mögulegum tengivegi frá Suðurleið að athafnasvæði við Miðás á Egilsstöðum. Helstu rök fyrir þeirri tillögu felast í jákvæðum áhrifum Suðurleiðarinnar á



samfélag, umferðaröryggi auk kostnaðar og þjóðhagslegrar hagkvæmni miðað við hina valkostina.

Suðurleiðin samræmist best markmiðum Vegagerðarinnar um að aðskilja þjóðvegaumferð og umferð óvarinna vegfarenda þar sem að Fagradalsbraut leggst af sem þjóðvegur og verður innanbæjargata. Með Suðurleiðinni er hægt að takmarka þungaf lutninga á Fagradalsbraut, sem er illgerlegt með hinum valkostunum. Þetta hefur umferðaröryggislegan ávinning í för með sér vegna fjölda óvarðra vegfarenda sem fara um Fagradalsbraut.

Í matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir breytingu á veglínu Suðurleiðar frá því sem kynnt var í framangreindri umhverfismatsskýrslu á kaflanum frá nýjum vegamótum frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi, um 1,5 km suður af Egilsstaðavegamótum, og að svæði rétt austan við Háslæk þar sem Suðurleiðin fer inn á nýjan Hringveg, um 0,4 km austan byggðar í Selbrekku. Tilgangur breytinga er að kanna möguleika á að draga úr raski veglínunnar á vistgerðir og tegundum plantna sem njóta verndar eða eru friðlýstar, miðað við þá veglínu sem kynnt var í umhverfismatsskýrslu. Einnig hliðra veglínu suður fyrir mögulegt framtíðar byggingarland sunnan við núverandi byggð Egilsstaða, suður af Selbrekku, en umræður þess efnis komu fram í umsögnum og athugasemdum um umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga sem og á kynningarfundum. Breyting á Suðurleið þarf að uppfylla upprunalegt markmið framkvæmdarinnar sem fram kom í umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar fyrir Fjarðarheiðargöng sem er að auka umferðaröryggi vegfarenda, tryggja greiðari samgöngur og bæta vegasamband, bæta sambúð vegar og umferðar við íbúa og umhverfi.

Í matsskyldufyrirspurn er jafnframt gerð grein fyrir færslu á inntakslóni vatnsveitu Seyðfirðinga. Í umsögnum og athugasemdum sem bárust um umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga komu fram áhyggjur af mögulegum neikvæðum áhrifum á vatnsbólið og hvort þær mótvægisáðgerðir sem Vegagerðin lagði þar til myndu duga. Á kynningartímanum kom fram sú tillaga frá HEF Veitum að inntakslónið yrði fært ofar í Fjarðará. Það væri líklegt til að draga mjög úr áhættu á áhrifum og tók Skipulagsstofnun undir það í álitinu sínu, dags. 22.12.22. Tilgangur með framkvæmd er því fyrst og fremst til að draga úr áhættu á neikvæðum áhrifum framkvæmda við Fjarðarheiðargöng á vatnsvernd.

### 3 Tilkynningarskylda

Óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar byggða á tölulíð 13.02 og 10.12 í 1. viðauka og iii. lið 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum (tafla 3.1). Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem hún fellur í flokk B sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta skal í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli umhverfismati skv. lögnum. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Tafla 3.1 Tilkynningarskylda framkvæmdar til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

13.02	Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.	B
10.12	Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem framkvæmdasvæði er a.m.k. 1 ha utan þess sem tilgreint er í tölul. 10.11.	B





Vegagerðin óskaði eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um málsmeðferð færslu inntakslónsins. Svar frá Skipulagsstofnun barst þann 7.2.2023 þar sem kom fram að framkvæmdin félli undir tölulið 10.12 í 1. viðauka laganna sem og 19. gr. þar sem fram kemur að einnig skuli tilkynna framkvæmdir til Skipulagsstofnunar sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði. Færslan sé tilkynningarskyld þar sem hún er innan vatnsverndarsvæðis.

## 4 Staðhættir

Fyrirhuguð framkvæmd liggur innan sveitarfélagsins Múlaþings sem varð til með sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfest af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 14. febrúar 2020. Íbúafjöldi í Múlaþingi voru 5.057 á öðrum ársfjórðungi ársins 2022 (Hagstofa Íslands, 2022a). Áætlað framkvæmdasvæði liggur rétt sunnan við þéttbýlið á Egilsstöðum (mynd 5.1) þar sem íbúafjöldi var skráður 2.571 janúar 2022 (Hagstofa Íslands, 2022b). Atvinnuvegur er fjölbreyttur á svæðinu en má helst nefna ferðaþjónustu, verslun og þjónustu og landbúnað.

Færsla á inntakslóni vatnsveitu er á Fjarðarheiði, í Fjarðará ofan við Gufufoss. Áætlað framkvæmdasvæði og valkostir Suðurleiðar fara um svæði sem skilgreint er landbúnaðarland á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Framkvæmasvæðið afmarkast af Skriðdals- og Breiðdalsvegi (nr. 95) í vestri, þéttbýli Egilsstaða í norðri, núverandi Hringvegi í austri og landbúnaðarsvæði í suðri. Landsvæðið heyrir undir inndali sem eru lágland en fremur gróðursæl landsvæði inn til landsins (Náttúrustofa Austurlands, 2021). Svæðið einkennist af votlendi og kjarri- og skógivöxnum klapparásum. Eftir því sem farið er nær núverandi Hringvegi, á austanverðum hluta svæðisins, er töluvert af túnum og framræstu landi. Sá hluti svæðisins ber því talsverð einkenni landbúnaðar á meðan vesturhluti þess er lítt raskaður, manngerður.

Votlendi og sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Austur hluti Suðurleiðar mun fara yfir svæði sem hafa verið tilnefnd til náttúruverndar (á C-hluta Náttúruinjasráðs), en það er svæði nr. 611 Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil, og svæði á Náttúruverndaráætlun 2009-2013, þ.e. Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur.

### 4.1 Skipulag

#### Aðalskipulag

Framkvæmdasvæðið er í nýju, sameinuðu sveitarfélagi, Múlaþingi. Aðalskipulag sveitarfélagsins er í vinnslu en á svæðinu eru í gildi Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028. Unnið er að aðalskipulagsbreytingum vegna Fjarðarheiðarganga og færslu inntakslóni vatnsveitu samhliða hönnun og umhverfismati. Færsla á inntakslóni vatnsveitu kemur til með að breyta afmörkun vatnsverndarsvæðis þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðarganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verður ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis.


### 4.2 Verndarsvæði

Suðurleið og valkostir um breytingu á legu hennar fara um eða liggja í nágrenni við svæði sem er bundin ýmsum verndarákvæðum eða hafa að öðru leyti verið skilgreind sérstök eða viðkvæm vegna náttúrufars (Mynd 4.1).

#### Sérstök vernd skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013

Sá hluti Suðurleiðar, sem hér er til umfjöllunar, fer yfir vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þetta á við um hluta votlendi og svæði þar sem vex náttúrulegt birki, einkum í grennd við Hríshóla og austan þeirra. Samkvæmt þessari grein laganna njóta votlendi og sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra, þar sem eru m.a. gömul tré, sérstakrar verndar og skal ber að forðast að raska þeim vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.





Mynd 4.1 Valkostir ásamt svæðum sem á hvíla verndarákvæði eða hafa verið skilgreind sérstök eða viðkvæm vegna náttúrufars.





### Náttúruminjaskrá

Á Fljótshéraði eru svæði í C-hluta náttúruminjaskrá en það eru aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Austasti kafli þess hluta Suðurleiðar, sem hér eru til umfjöllunar, fer inn á svæði í C-hluta náttúruminjaskrá, þ.e. sá hluti sem liggur sunnan við Seltjarnir og Rauðahraun, fer inn á vestur hluta Egilsstaðaskógar. Um er að ræða svæði nr. 611 Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil, Egilsstaðabæ, S-Múlasýslu. Svæðinu er þar lýst með eftirfarandi hætti: Eyvindarárgil ofan Uppsalaáróss að austan og vestan. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Þuridarstöðum, inn að Slenju, upp að fjallsbrún. Að vestan austasti hluti Egilsstaðaskógar inn fyrir Hnútu. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.

### Náttúruverndaráætlun og Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar


Sá hluti valkosta B sem liggur austan við Hríshóla fer inn á svæði sem sett var á náttúruverndaráætlun 2009 –2013. Þetta er svæði sem nefnt er Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur. Í tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun þess er svæðinu lýst með eftirfarandi hætti: Víðáttumikið og uppvaðandi birkiskóglendi austan Egilsstaða og inn með Eyvindarárdal. Skógurinn er að miklum hluta gamall og sjálfásður og er hann meðal stærstu skóga á landinu þar sem trén ná allt að 10 m hæð. Lítið hefur verið plantað af erlendum trjátegundum. Á láglandi er skógurinn ósamfelldur þar sem skóglausum mýrum hefur verið breytt með framræslu og túnrækt en þéttastur er hann á Egilsstaðahálsi. Svæðið nær einnig til Egilsstaðakletta þar sem tegundafjölbreytni fléttna er óvenjumikil. Í Egilsstaðaskógi er stærsta útbreiðslusvæði villtrar blæspar á landinu og þar er hún einnig hæst, eða um 8 m. Í skóginum vex einnig reyniviður og gulvíðir. Gróðurfar er sérstætt og þar vaxa sjaldgæfar plöntutegundir, m.a. mikill fjöldi fléttutegunda. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði.

Egilsstaðaskógur er einnig afmarkaður sem griðland í Náttúrumæraskrá (Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar, 2022) en skráin er yfirlit yfir helstu náttúruvermæti á Fljótshéraði og verndargildi þeirra þar metin lægra, miðlungs eða hæst. Í skránni er afmörkun skógarins töluvert vestar og eru Hríshólar og nágrenni þeirra innan þess. Í Náttúrumæraskrá segin m.a. um Egilsstaðaskóg að á flatlandi sé skógurinn víða sundur slitinn af mýrum sem nú eru að hluta til orðnar að túnum, en á hæðum og ásum er skógurinn samfelldur og þéttur. Umhverfis Egilsstaðaskóg er í skránni afmarkað Egilsstaðaskógargríðland sem nær yfir mun víðfeðmara svæði eða yfir Egilsstaðaskóg í víðri merkingu, þar með talið skóglendi og mýrlendi á jörðunum Kollsstöðum (eyðibýli sem tilheyrir nú Egilsstöðum) og Kollsstaðagerði. Þessi svæði eru þar metin með lægra verndargildi.

### Vatnsvernd

Fjarðarheiðargöng munu liggja um grann- og fjarsvæði vatnsverndar. Núverandi vegur á Seyðisfirði liggur um vatnsverndarsvæði og vatnsbólið er nálægt vegi. Gangamunni Seyðisfjarðarmegin verður staðsettur innan grannsvæðis og sömuleiðis nýr vegur. Í aðalskipulagsgreinargerð kemur fram að vatnsból Seyðisfjarðarkaupstaðar er í Fjarðará ofarlega í inntakslóni Fjarðarselsvirkjunar. Stofnlögn vatnsveitunnar liggur þaðan að vatnshreinsistöð við Drottningarlæk og síðan áfram inn í bæinn. Stofnlögn vatnsveitunnar er sýnd á skipulagsuppdrætti og á honum er einnig sýnd staðsetning vatnsbóls og vatnsverndarsvæðis (Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030).

Mynd 4.2 sýnir vatnsverndarsvæði ásamt framkvæmdasvæði við gangamunna Fjarðarheiðarganga Seyðisfjarðarmegin, ásamt staðsetningu á valkostum um færslu á inntaki vatnsveitu.



Mynd 4.2 Vatnsverndarsvæði og gangamunni Fjarðarheiðarganga Seyðisfjarðarmegin (Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf, 2022). Merkt hefur verið inn á staðsetningu valkosta um færslu á inntaki vatnsveitu (rauður hringur).



## 5 Valkostir

### 5.1 Valkostir Suðurleiðar

Við undirbúning matsskyldufyrirspurnar þessarar voru tvær nýjar útfærslur á Suðurleið skoðaðar, valkostur B og valkostur C (mynd 5.1), til viðbótar við upprunalega valkostinn sem kynntur var í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga, valkost A.

**Valkostur A** | Upprunaleg útfærsla Suðurleiðar, sem lögð var fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga.

**Valkostur B** | Veglína hefur verið færð sunnar, miðað við valkosta A, frá svæði austan nýrra vegamóta frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi allt austur fyrir Hálslæk þar sem komið er inn á nýjan Hringveg austan þéttbýlisins. Vegagerðin leggur valkost B fram sem aðalvalkost. Þessi valkostur raskar mun minna af votlendi en hinir tveir valkostir Suðurleiðar. Valkostur B mun einnig raska talsvert minna af kjarrskógarvist, þar sem er að finna náttúrulegt birki sem nýtur sérstakrar verndar, en valkostur A. Valkostur B mun ekki fara yfir vaxtarstaði blæspar, sem er friðlýst. Sjá nánari umfjöllun í kafla 7 um umhverfisáhrif.

**Valkostur C** | Valkostur C felur í sér frekari tilfærslu á veglínu til suðurs á um 1,5 km löngum kafla, suður fyrir Hríshóla. Við skoðun á þessum valkosti kom í ljós að á svæðinu sunnan Hríshóla er mun meira af votlendi og meiri samfella í þekju kjarrskógavistar og því náttúrulegu birki, en norðan hólana þar sem valkostur B liggur um. Auk þess fer valkostur C nálægt vaxtarstöðum blæspar. Valkostur C felur einnig í sér mun lengri vegtengingu í iðnaðarhverfi og má áætla að hún yrði minna notuð. Valkostur C er því ekki talinn ákjósanlegur.

### 5.2 Valkostir um færslu inntakslónsins


Við færslu inntakslóns vatnsveitu eru tveir valkostir til skoðunar auk núllkostar. Sjá nánari upplýsingar um útfærslu og mynd af staðsetningu í kafla 6.2.

**Valkostur 1** | Að útbúið verði svipað inntak ofar í Fjarðará og var sett var við núverandi inntak samhliða að ný virkjun tók til starfa fyrir rúmum áratug.

**Valkostur 2** | Tillaga miðar að því að raska ánni sem allra minnst. Komið verður fyrir röri með grófrist á endanum í hyl neðan við foss sem er í ánni.

Í matsskyldufyrirspurn er færslan á inntakslóni borin saman við núverandi útfærslu á inntakslóni með tilliti til umhverfisáhrifa Fjarðarheiðarganga, eins og þeim er lýst í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga.





Mynd 5.1 Valkostir sem hafa verið skoðaðir á Suðurleið. Í matsskyldufyrirspurn er valkosturinn B aðalvalkostur á breyttri legu Suðurleiðar frá því sem hún var lögð fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðaheiðarganga (valkostur A). Valkostur C var skoðaður en ekki lögð áhersla á að sú leið verði valin.





## 6 Framkvæmdalýsing

### 6.1 Breyting á Suðurleið

Valkostir um nýja veglínu Suðurleiðar liggja með nýjum vegamótum frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi, um 1,5 km suður af Egilsstaðavegamótum, suður fyrir byggðina og að núverandi Hringveg austan byggðar í Selbrekku, við Háslæk. Tafla 6.1 gerir grein fyrir heildarlengd valkosta frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi, sunnan Egilsstaða að Fjarðarheiðargöngum. Áfram er gert ráð fyrir tengivegi frá Suðurleið að athafnasvæðinu við Miðás á Egilsstöðum eins og kynnt var í umhverfismatsskýrslunni. Viðbót vegna tengivegarins er um um 560 m löng miðað við valkost A, 590 m löng miðað við valkost B og um 900 m miðað við valkost C.

Tafla 6.1 Heildarlengd Suðurleiðar eftir valkostum, frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi, sunnan Egilsstaða að Fjarðarheiðargöngum. Tengivegur að Miðás eru ekki með í tölunum.

Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C
Lengd	Lengd	Lengd
7,482km	7,511 km	7,502 km

Endanlega veghönnun hefur ekki farið fram á þessu stigi og liggja ekki fyrir heildarrasktölur. Í matsskyldufyrirspurn er miðað við að rask allra valkosta nái 15 m út frá miðlínu valkosta.

Hönnunarforsendur sem gefnar eru upp í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga eiga áfram við. Hönnunin verður þannig samkvæmt vegflokki C9, sem felur í sér 9 m breiðan veg með einni akrein í hvora átt (3,5 m breiðar) og 1 m breiðar vegaxlir. Fyllinga- og skeringarfláar verða 1:3 eða flatari og rofvarnarfláar 1:2. Hönnunarpungi verður 11,5 tonn, hönnunarhraði  $\geq 90$  km/klst og hönnun burðarlaga miðast við  $> 30$  ára líftíma. Breidd öryggissvæðis meðfram vegi og bygging ræsa verður eins og lýst er í umhverfismatsskýrslunni þar sem öryggissvæði verður a.m.k. 7 m breitt og ræsi staðsett þar sem búast má við rennandi vatni. Efnistaka, umfang rasks og frágangur raskarða svæði verða eins og lýst er í umhverfismatsskýrslunni.

Reiknuð var ný sviðsmynd umferðargreiningar í umferðarlíkani miðað við færslu Suðurleiðar. Niðurstaðan er að engar breytingar verða á leiðarvali og umferðarkorti leiðarinnar. Færsla Suðurleiðar hefur þó þau áhrif að í heildina fjölga aksturskílómetrum léttu umferðar um 101 km og akstursklukkustundum um 7 klst á sólarhring miða við þá veglínu sem lögn var fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga, valkost A (tafla 6.2). Þetta er 0,2 % aukning. Í töflunni eru gefnar sömu upplýsingar um umferð þungra ökutækja og er um 5 % aukningu að ræða á milli valkosta A og B.

Tafla 6.2 Aksturskílómetrar- og klukkustundir Suðurleiðar m.v. leiðina eins og kynnt var í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðargagna og m.v. færslu til suðurs skv. valkosti B.

Suðurleið	Aksturskílómetrar á sólarhring		Akstursklukkustundir á sólarhring	
	Létt umferð (<3,5 t)	Þung umferð (>3,5 t)	Létt umferð (<3,5 t)	Þung umferð (>3,5 t)
Veglína skv. umhverfismatsskýrslu, valkostur A	35,554	1,613	493	22
Færsla veglínu til suðurs, valkostur B	35,655	1,696	500	23

### 6.2 Færsla á inntakslóni vatnsveitu

Núverandi vatnsból er í um 900 m fjarlægð frá fyrirhuguðum skála Fjarðarheiðarganga og um 60 m lægra yfir sjávarmáli. Fyrirhugaður vegskáli yrði í um 50 m fjarlægð frá Fjarðar og á grannsvæði vatnsbólsins. Framkvæmdartími gangana er nú áætlaður um 6 ár. Líkt og kemur fram í kafla 2 um forsendur komu fram áhyggjur um mögulega mengun í eina



vatnsbóli Seyðfirðinga og hvort þær mótvægisáðgerðir sem Vegagerðin lagði til í umhverfismatsskýrslu myndu duga.

Hætturnar eru helst á mengun vatns vegna aðskotaefna, sem geta verið leifar af sprengiefnum, olíuefnum, þungmálum frá tækjum og tólum og grugg. Upprunastaðir mengunar eru helst:

1. Mengun sem berst með fráveituvatni innan úr göngum á framkvæmda- og rekstrartíma.
2. Mengun frá haugsetningar- og efnisvinnslusvæði.
3. Mengun frá plani til olíuáfyllingar og olíuskipta utan ganga.

Með færslu á vatnsbóli upp fyrir munasvæði er hægt að koma í veg fyrir mengunar hættu á vatnsbóli Seyðfirðinga. Einnig mælir með færslu vatnsbólsins ef farið yrði í jarðgangagerð til Mjóafjarðar og Norðfjarðar í kjölfar Fjarðarheiðarganga þá stafar vatnsbólunni ekki hættu af þeirri framkvæmd.

Valkostir um færslu á inntakslóni vatnsveitu fela í sér inntakið verður fært um 1.200 til 1.400 m upp Fjarðarána og verður 80-100 m hærra yfir sjó en núverandi vatnsból.

Valkostur 1 felur í sér að áin verður breikkuð. Útbúinn verður 80 m varnargarð og 2.000 m<sup>2</sup> lón, varnargarðurinn yrði ca. 1,5 m yfir vatnsborði. Heildarlengd lagnar er 1.370m. Rasksvæði vegna lagnaskurðar er 2.560m<sup>2</sup>, þar af í nú þegar hreyfðu landi 390m<sup>2</sup>. Þar sem áin er breikkuð er nýtt rask 1.440 m<sup>2</sup>. Samtals er rasksvæði valkostar 4.000 m<sup>2</sup>.

Inntaksvirkið samanstendur af götuðum inntaksrörum í sípuða úr jarðvegi og síudúk. Til að verja síu púða fyrir rofhættu er settur gegndræpur fyrirstöðugarður úr flokkuðu grjóti. En til þess að koma þessu fyrir þarf að víkka ána þar sem inntaksvirkið er. Áhrif á rennsli árinna neðan við inntaksvirkið verða óveruleg.

Verkið er að mestu sjálfbært um fyllingarefni nema mögulega sand og drenmöl um lagnir. Við gerð lónsins og lagnaskurðar falla til 4.500 m<sup>3</sup> úr greftri og 2.600 m<sup>3</sup> eru notaðar til endurfyllingar. Klapparskeringarefni er nýtt til gerðar varnargarðs og í efnisvinnslu.

Valkostur 2 felur í sér að komið verður fyrir röri með grófrist á endanum í hyl neðan við foss sem er í ánni (Mynd 6.1). Rörið yrði leitt styðstu leið inn í bakkann og gengið frá bakkanum eins og hann var fyrir gröft. Þegar staðið yrði við hylinn sést rörið þar rúmum metra undir vatnsborði. Inntaksvirki með jarðvegsíun verður síðan komið fyrir að minnsta kosti í 10 m fjarlægð frá bakka árinna í steiptum kassa, sem væri ca. 9 metrar á breidd og 18 metrar á lengd. Lengd lagnar er 1.250m. Rasksvæði vegna lagnaskurðar er 2.240m<sup>2</sup>, þar af er 390 m<sup>2</sup> í nú þegar hreyfðu landi. Rasksvæði vegna vatntöku / breikkun á 400 m<sup>2</sup>. Samtals er rasksvæði valkostar 2.000 m<sup>2</sup>.

Áhrif á rennsli árinna neðan við inntaksvirkið verða óveruleg. Engin breyting verður á árfarvegi önnur en að rör liggur á dýpi í hylnum. Áhersla er lögð á vandaðan frágang og að röskuð svæði verði aðlöguð eins og kostur er að nærumhverfi sínu.

Fyrir báða valkosti er þörf á sand um vatnslögn og síu í inntakslóni sem er áætlað um 800 m<sup>3</sup> sem líklega er sótt í námur í nágrenni Egilsstaða, og tilgreindar eru í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga, eða úr 0-8 mm efni sem fellur til við vinnslu klæðinga.

Við frekari hönnun kann að koma til minniháttar breytinga á útfærslum. Ekki er gert ráð fyrir að vatnstaka verði meiri úr ánni heldur en hún er í dag, helsta breytingin felur í sér að vatnstaka færast fjær byggðinni. Í tilkynningu um virkjun Fjarðará til Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005) komu fram eftirfarandi tölulegar upplýsingar. Meðalsumarrennsli sumarmánuðina í Fjarðará er 8,2 m<sup>3</sup>/s. Þar er miðað við að lágmarksrennsli í Fjarðará fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágmarksrennsli (0,5 m<sup>3</sup>/s að sumarlagi, 0,1 m<sup>3</sup>/s að vetrarlagi). Vatntaka verður vel innan við 7% af lágmarksrennsli að sumarlagi.





Mynd 6.1 Yfirlitsmynd af valkostum um færslu á inntaki vatnsveitu. Mynd: Mannvit.



## 7 Umhverfisáhrif

Í þessum kafla er lýsing á þáttum í umhverfinu sem líklegt er að verði umtalsvert fyrir áhrifum af framkvæmdinni sbr. 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Í matsskyldufyrirspurn eru til skoðunar eftirfarandi umhverfisþættir og sýnir tafla 7.1 viðmið sem höfð eru til hliðsjónar í matinu:

- Vistgerðir og gróður
- Landnotkun og verndarsvæði
- Fornleifar
- Vatnafar og vatnsvernd

Tafla 7.1 Viðmið sem eru höfð til hliðsjónar í matsskyldufyrirspurn.

Umhverfisþáttur	Viðmið
Vistgerðir og gróður	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og Válisti æðplantna. Auglýsing nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun 2009 –2013. Vistgerðir á Íslandi (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj., 2016).
Fornleifar	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Landnotkun og verndarsvæði	Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 –2028. Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruminjaskrá og Náttúruverndaráætlun 2009 –2013.
Vatnafar og vatnsvernd	Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Í mati á áhrifum er stuðst við vægiseinkunnir (tafla 7.2) sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 7.2 Vægiseinkunnir umhverfisþátta.

Mjög jákvæð	Jákvæð	Óvissa
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veruleg jákvæð breyting á einkennum.</li> <li>• Áhrif eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvisu og /eða ná til mikils fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.</li> <li>• Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta verulega.</li> <li>• Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> <li>• Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif.</li> <li>• Skortur á upplýsingum.</li> <li>• Óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga.</li> <li>• Óvissa um hvaða aðgerðir áætlun mun hafa í för með sér.</li> </ul>
		<b>Engin áhrif / á ekki við</b>
		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Engin áhrif / á ekki við</li> </ul>
Mjög neikvæð	Neikvæð	Óveruleg
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veruleg breyting á einkennum umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvisu og/eða ná til mikils fjölda fólks.</li> <li>• Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> <li>• Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta verulega.</li> <li>• Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breyting á einkennum umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.</li> <li>• Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítills fjölda fólks.</li> <li>• Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþátta.</li> <li>• Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.</li> <li>• Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</li> </ul>





## 7.1 Áhrif á vistgerðir og gróður

### Áhrif Suðurleiðar

Við undirbúning matsskyldufyrirspurnar var Náttúrustofa Austurlands (viðauki 1) fengin til að lýsa vistgerðum og gróðri (með áherslu á æðplöntur) innan svæðis þar sem valkostir fyrir færslu Suðurleiðar liggja. Athuganir á vettvangi fóru fram sumarið 2022 innan 200 m breiðs athugunarsvæðis. Í skýrslu Náttúrustofa Austurlands er fjallað um áhrifasvæði í þessu samhengi en hið rétta er að um er að ræða athugunarsvæði fyrir vettvangsrannsóknir. Við skráningu á vettvangi var sérstaklega litið eftir sjaldgæfum og friðlýstum æðplöntutegundum og vistgerðum sem njóta sérstakrar verndar. Lögð var áhersla á að kortleggja votlendissvæði sem að hluta til lentu innan athugunarsvæðis og að hluta utan þess. mynd 7.1 sýnir vistgerðakort af athugunarsvæði valkosta. Á myndinni eru einnig sýndir þekktir fundarstaðir blæspar og umfang þeirra.

Vistgerðir og gróðurfur allra þriggja valkostanna einkennist af birkiskógum (kjarrskógavist), votlendi (starungsmýravist og runnamýravist á láglandi) og nýjum og gömlum túnum. Þekja vistgerðanna er þó mismunandi eftir valkostum. Verndargildi kjarrskógavistar er hátt og starungsmýravistar og runnamýravistar mjög hátt.

Við samanburð á þekju mismunandi vistgerða og vaxtarstaða blæspar á milli valkosta (Mynd 7.1) er miðað við áhrifasvæði sem nær 15 m í sitthvor áttina út frá miðlínu vegar. Hér er aðeins til skoðunar það svæði þar sem valkostirnir liggja ekki eins að Fjarðarheiðarheiðargöngum (Mynd 7.1). Bent er á að umfang rasks á votlendi er meira þar sem vegir eru lagðir um votlendi sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar frá árinu 2006 um mat á röskun og endurheimt votlendis (Umhverfisstofnun, 2006). Tekið er mið af þessum leiðbeiningum við mótun mótvægisáðgerða, sjá nánar hér á eftir. Leiðbeiningarnar voru gerðar í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis og var tekið mið af rannsóknum Hlyns Óskarssonar á röskun votlendis út frá vegaframkvæmdum.

Tafla 7.3 Samanburður á þekju mismunandi vistgerða, skv. kortlagningu Náttúrustofu Austurlands, og vaxtarstaða blæspar á milli valkosta miðað við að áhrifasvæði nái 15 m í sitthvora áttina út frá miðlínu vegar.

Valkostur	Votlendi m <sup>2</sup>	Tún m <sup>2</sup>	Blæösp m <sup>2</sup>	Skóglendi, birki m <sup>2</sup>
A	22.792	14.061	4.594	44.619
B	18.023	13.798	0	38.749
C	47.392	10.526	0	37.709

Tafla 7.4 Heildarrask valkosta, miðað við að áhrifasvæði nái 15 m í sitthvora áttina út frá miðlínu vegar.

Valkostur	Hringvegur* m <sup>2</sup>	Tjarnarás** m <sup>2</sup>
A	97.500	14.200
B	102.400	15.300
C	104.300	25.100

\* Miðað við þar sem valkostirnir liggja ekki saman.

\*\* Frá valkostum að Tjarnarás.

Í heild raskar valkostur A minna en aðrir valkostir (Tafla 7.4). Valkostur B raskar þó nokkuð minna votlendi miðað við aðra valkosti (Mynd 7.1). Valkostur C felur í sér mesta raskið á votlendi. Lítil munur er á lengd valkosta (Tafla 6.1). Votlendi, s.s. hallamýrar, flóar, flæðimýrar og rústamýrar, stærri en 20.000 m<sup>2</sup> njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal forðast að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.



Valkostur A raskar meira náttúrulegu birki (kjarrskógarvist) miðað við aðra valkosti Valkostur C felur í sér minnsta raskið á birki, en valkostur B litlu meira (Mynd 7.1). Samkvæmt lögum um náttúruvernd njóta sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra, þar sem eru m.a. gömul tré, sérstakrar verndar. Er svo metið í athugun Náttúrustofu Austurlands að birkiskógurinn á svæðinu teljist til sérstæðra birkiskóga vegna aldurs. Þar er einnig bent á að Egilsstaðaskógur, nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettar eru hluti af svæði í náttúruverndaráætlun 2009–2013. Líkt og votlendið njóta sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Samkvæmt lögnum skal forðast að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.

Tegundafjölbreytni er sambærileg á milli valkostar B og valkostar A. Ein tegund friðlýstrar æðplöntu fannst við skráningu innan athugunarsvæða á vettvangi en það er blæösp. Valkostur A fer um vaxtarstaði blæaspar en ekki valkostur B. Tegundin var friðlýst í nóvember 2021 með auglýsingu nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Samkvæmt auglýsingunni er bannað að aflífa, eyðileggja eða valda á annan hátt skaða á einstaklingum friðaðrar tegundar. Valkostur C og áhrifasvæði hans fer nálægt vaxtarstöðum blæaspar.

Áhrif allra þriggja valkostanna eru talin neikvæð á vistgerðir og gróður, rýra verndargildi votlendis og birkiskóga svæðisbundið, vera til langstíma og að nokkru leiti óafturkræf. Vegna aðalvalkostsins B verður hlutfallslega minna rask á vistgerðum og tegundum plantna sem njóta sérstakrar verndar (votlendi, birki og blæösp) en vegna valkostar A.


### **Mótvægisáðgerðir**

Mótvægisáðgerðir verða þær sömu og lagðar eru fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga þar sem áhersla verður á að endurheimta votlendi, gróin svæði og skóglendi á móti þeim svæðum sem ekki verður komist hjá því að raska. Mikilvægi þessara vistkerfa verður seint ofmetið vegna kolefnisbindigetú og margs konar vistkerfisþjónustu sem þau veita. Vegagerðin og Umhverfisstofnun hafa gert með sér samstarfssamning hvað varðar útfærslu á frágangi framkvæmdasvæða. Uppgræðsla verður því unnin í samráði við Umhverfisstofnun, viðkomandi landeigendur og sveitarfélög.

Að minnsta kosti jafn stórt votlendi og raskast við framkvæmdirnar verður endurheimt. Í janúar 2006 auglýsti Umhverfisstofnun leiðbeiningar um mat á röskun og endurheimt votlendis sem voru unnar í samvinnu við nefnd um endurheimt votlendis. Við endurheimt votlendis sem raskast verður tekið mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnun en þar segir: “Votlendisblettir sem eru 5 ha eða minni teljast allir raskaðir ef vegir eru lagðir um þá. Endurheimt svæði skal því vera ígildi þeirra að flatarmáli. Ef vegafarmvæmd er í jaðri votlendissvæðis skal meta það sérstaklega.” (Umhverfisstofnun, 2006). Aðalvalkostur Vegagerðarinnar, valkostur B, fer um tvö votlendissvæðis samkvæmt kortlagningu Náttúrustofu Austurlands (Mynd 7.1) og er annað þeirra undir 5 ha en hitt nokkuð stærra. Fyrir það svæði þarf að meta sérstaklega með Umhverfisstofnun og öðrum fagaðilum um umfang endurheimtar. Endurheimt votlendis verður í samstarfi við Votlendissjóð og Landgræðsluna. Leitast verður við að finna sambærileg svæði í nágrenni framkvæmdar til endurheimtar. Til skoðunar er að endurheimta það í núverandi vegstæði Hringvegur um Hálsendann. Endurheimt svæði verða vöktuð í þrjú ár til að meta árangur endurheimtar.

Vegagerðin mun einnig endurheimta skóg í samræmi við lög nr. 33/2019 um skógrækt en þar kemur fram að skylt er að ráðast í mótvægisáðgerðir eigi síðar en tveimur árum eftir eyðingu skógar og leita álits Skógræktarinnar um útfærslu þeirra. Vegagerðin mun einnig leita til Skógræktarinnar hvað varðar þörf á vöktun.





Mynd 7.1 Vistgerðakort: Vistgerðir á athugunarsvæði valkosta A, B og C. Mismunandi litir sýna vistgerðir. Vaxtarstaðir blæspar eru einnig sýndir. Hvítir tölustafir vísa í stærð samliggjandi votlendra svæða í fermetrum. Mynd byggð á gögnum frá Náttúrustofu Austurlands (Náttúrustofa Austurlands, 2021).





Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga, dags. 21. júlí 2022, er bent á nýja auglýsingu nr. 1385 um friðlýsingu æðplantna, mosa og fléttu (nr. 1385) sem tók gildi í nóvember 2021. Á áhrifasvæði valkosta má búast við að finnist friðlýstar fléttur skrámuclúka, grástika og gullinvarp. Mikilvæg sé að staðfesta fundarstaði friðlýstra flétta á áhrifasvæði veglínunnar svo hægt sé að bregðast við með mótvægisáðgerðum. Náttúrufræðistofnun Ísland lagði til mótvægisáðgerðir í umsögn sinni í því skyni að tryggja að vaxtarstaðir friðaðra fléttutegunda glattist ekki alveg á svæðinu t.d. með mögulegum tilfærslum á birkitrjám sem flétturnar vaxa á. Í viðbrögðum Vegagerðarinnar kemur fram að áður en framkvæmdir hefjast verði sérfræðingur látinn fara um fyrirhugað framkvæmdasvæði í frekari leit að friðlýstum fléttutegundum. Þar sem við á verða birkitré, sem flétturnar vaxa á, færðar til.

### Áhrif færslu inntakslón vatnsveitu

Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan svæðis sem kortlagt var í tengslum við umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga (Náttúrustofa Austurlands, 2021) (Náttúrustofa Austurlands, 2021). Á því svæði liggur framkvæmd einkum um vistgerðirnar fjalldrapamóavist, lyngmóavist á láglandi og víðimóavist. Varnargarðar liggja utan svæðis sem Náttúrustofa Austurlands kortlagði 2021. Samkvæmt vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj., 2016) er þar einnig að finna eyðimelavist og bugðupuntuvist.

Af þessum vistgerðum hefur bugðupuntuvist og lyngmóavist á láglandi hátt verndargildi auk þess sem lyngmóavist á láglandi er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Hér á landi er sú vistgerð algeng og útbreidd um allt land. Bugðupuntuvist finnst einkum á austur- og vesturlandi. Aðrar vistgerðir hafa lágt til miðlungs verndargildi. Samkvæmt þessum vistgerðum einkennist gróðurfar einkum af graslandi eða vel grónu mólendi með þurrum, grýttum hálendismelum inn á milli. Þar sem er gróður er hann miðlungi til fremur ríkur af æðplöntutegundum auk þess sem finna má mosa, lyng en síður fléttur.


## 7.2 Áhrif á fornleifar

### Áhrif Suðurleiðar

Við undirbúning matsskyldufyrirspurnar var Antikva (viðauki 2) fengin til að skrá fornleifar þar sem valkostir fyrir færslu Suðurleiðar liggja. Athuganir fóru fram á vettvangi innan 200 m athugunarsvæðis, þ.e. 100 m svæðis í sitthvora áttina út frá miðlínu valkosta. Fornleifar eru auðkenndar með númeri, sérheiti, ef við á, og hlutverki. Leitast var við að leggja mat á þá hættu sem fornleifum sem fundust á vettvangi kanna að steðja að framkvæmdinni. Samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar njóta fornleifar friðunar, nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands, og eru verndaðar gegn hvers kyns raski. Hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, 100 ára eða eldri, teljast til fornleifa, sbr. 3. gr. laganna.

Tólf fornleifar voru skráðar innan athugunarsvæðis aðalvalkostarins B. Af þeim voru 5 skráðar á þeim hluta valkostar B sem liggur norðan Hríshóla (á því ekki við um valkost C). Áður höfðu 9 fornleifar verið skráðar innan athugunarsvæðis valkostar A. (Mynd 7.2) sýnir staðsetningu fornleifanna og númer þeirra. Minjarnar eru tvenns konar, annars vegar kolagrafir í gömlum birkiskógi á austurhluta svæðisins, sem valkostir A og B fara um. Erfitt er að álykta um aldur kolgrafanna. Hins vegar eru um að ræða minjar á vesturhluta svæðisins tengdar ábúð á eyðibýlinu Kollsstöðum sem valkostur B fer um. Minjar tengdar Kollsstöðum eru líklega frá 18. öld til byrjun 20. aldar en það eru gamall akvegur [2831-608], fjárhústóft [2831-607], stekkur [2831-609], óþekkt tóft [2831-610] og heimild fyrir lambhúsi [2831-611]. Ekki sáust greinilegar minja lambhúsa á yfirborði og því er talið mögulegt að Lambhúsamýri dragi nafn sitt af tóftinni sem merkt er 607 (Mynd 7.2).





Mynd 7.2 Yfirlitskort af fornleifum innan og í grennd við á athugunarsvæði valkosta. Staðsetning fornleifa úr skráningu er merkt með rauðum punkti og vísa bókstafir/tölustafir til einstakra minja.





Innan athugunarsvæðis valkostar A er skráð ein fornleif á þessu svæði, brot af gamla akveginum [2831-608], merktur [SM-611:008\_01] á Mynd 7.2. Tvær aðrar fornleifar fundust í útjaðri athugunarsvæðis valkosta A og B, nálægt Skriðdals- og Breiðdalsvegi, en það eru varða [SM-026:030] og garðlag [SM-026:031]. Af framangreindum fornleifum mun gamli akvegurinn [2831-608; SM-611:008\_01] við Kollsstaði fara undir veglínur valkosta A og B. Í viðauki 2 kemur fram að vegurinn sé greinilega ungur og óvíst hvort friðun sökum aldurs ná til hans. Aðrar minjar sem eru metnar í mikilli hættu er kolgröf [SM-024:048], sem er í veglínu valkostar A, og tvær kolgrafir [SM-024:049 og SM-024:051] sem eru í 10-15 m fjarlægð frá henni. Sú kolgröf sem er næst valkosti B er í 25 m fjarlægð frá miðlínu vegarins [2831-605], norðan Hríshóla (Mynd 7.2). Aðrar fornminjar eru í meiri fjarlægð frá veglínu valkostanna og því taldar vera í minni hættu eða ekki í hættu.

Sunnan Hríshóla, innan athugunarsvæðis valkostar C var engin fornleif skráð. Eingöngu ein fornleif, gata [2831-606], var skráð utan við það, tengd Kollsstöðum.

Áhrif aðalvalkosti B, sem og valkosti C, eru talin óveruleg á fornminjar og eru því ekki taldir rýra verndargildi né breyta einkennum þeirra fornminja sem skráðar hafa verið innan og í grennd við áhrifasvæði framkvæmdanna. Ein kolgröf fer undir valkost A og því ekki hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á hana. Öðrum kolgröfum sem liggja nálægt valkostum verður hlíft eins og kostur er. Hvað gamla akveginn varðar við Kollsstaði sem liggur þvert í gegnum veglínur valkosta A og B er óvíst hvort hann falli undir lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Í ljósi þess eru áhrif á hann metin óveruleg.

Samkvæmt 22. grein laganna er 15 m friðhelgað svæði umhverfis fornleifar nema annað sé ákveðið og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Leitar verður álits Minjastofnunar Íslands varðandi hvort að framangreint eigi við um kolgrafir sem staðsettar eru í 10-15 m fjarlægð frá miðlínu valkostar A og í 25 m fjarlægð frá miðlínu valkostar B.

### Áhrif færslu inntakslón vatnsveitu

Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan svæðis sem fornleifaskráning fór fram í tengslum við umhverfismatskýrslu Fjarðarheiðarganga (Fornleifastofnun Íslands, 2021). Á því svæði sem hefur verið kortlagt fer lagnalega nálægt þremur fornleifum, (NM-701:013\_01, NM-701:013\_02 og NM-249:482) sem hafa hlutverk samgöngubóta og leiða, en ekki er búist við raski. Sem mótvægisáðgerð er lagt til að þessar fornleifar verði merktar á meðan framkvæmdum stendur.

Ekki hefur farið fram skráning á því svæði við inntakið. Áður en framkvæmdir hefjast verður fornleifafræðingur fenginn til að fara yfir svæðið þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram og athuga með fornleifar. Niðurstöður þeirra skráningar verða kynntar Minjastofnun Íslands.

### Mótvægisáðgerðir

Leitað verður leyfis Minjastofnunar Íslands áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 22. grein laganna, þar sem kveðið er á um að hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis séu óheimilar án leyfis stofnunarinnar. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laganna, verður haft samband stofnunarinnar og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megj áfram og með hvaða skilmálum.

Ef áður óþekktar fornleifar finnast við framkvæmdir verða framkvæmdir stöðvaðar og fornleifarnar tilkynntar til Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.




## 7.3 Áhrif á landnotkun og verndarsvæði

### Áhrif Suðurleiðar

Í gildi er Aðalskipulag Fljótisdalshéraðs 2008 -2028 og, eins og fram kom í kafla 4.1, er framkvæmdin ekki í samræmi við núverandi aðalskipulag. Í vinnslu er nýtt Aðalskipulag Múlaþing, hins nýja sameiginlega sveitarfélags. Landnotkun á athugunarsvæðinu er skilgreind sem landbúnaðarsvæði, samkvæmt aðalskipulaginu, að undanskildu svæði næst fyrirhuguðum vegamótum frá Skriðdals- og Breiðdalsvegi en Suðurleið, valkostur A, liggur þar í jaðri íbúðarbyggðar, svokölluðu suðursvæði (merkt L4 á mynd 7.3).

Austast á svæðinu fara valkostirnir yfir jörðina Egilsstaði og tún hennar. Aðstæður til útivist eru í Egilsstaðaskógi samkvæmt núgildandi aðalskipulagi sem austasti hluti Suðurleiðar fer um, og á það við um alla valkosti.



Mynd 7.3 Valkostir Suðurleiðar, landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Fljótisdalshéraðs 2008 –2028 og verndarsvæði.

Mannvirki í grennd við valkostina er nautahús Egilsstaðabýlisins, austan við þéttbýlið. valkostur B og C liggja í mun meiri fjarlægð frá nautahúsinu en valkostur A eða í um 450 m fjarlægð þar sem veglínan liggur næst því. Valkostur A liggur í um 200 m fjarlægð þar sem hún liggur næst þessum húsum og þveraði heimtröðina að húsinu.

Allir valkostir fara að hluta til um túnrækt og svæði ætluð til útivistar, og mun því hafa neikvæð áhrif þar á til langtíma. Óveruleg áhrif eru á aðra landnotkun sem skilgreind er í aðalskipulagi. Nokkuð meira er af túnum þar sem valkostur B fer um samanborið við valkost A og C (Tafla 7.3).

Valkostir Suðurleiðar fara inn á svæði í C-hluta náttúruminjaskrár, svæði nr. 611 Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil, Egilsstaðabæ, S-Múlasýslu, og inn á svæðið Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur sem sett var á náttúruverndaráætlun 2009 –2013 (Mynd 4.1). Valkostur B og C fara um svæði sem Helgi Hallgrímsson hefur afmarkað í náttúrumæraskrá sinni, Egilsstaðaskóg. Í náttúrumæraskrá hefur Helgi gefið svæðum verndargildi og er þetta svæði talið hafa lægra verndargildi (Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar, 2022).



### Áhrif færslu inntakslón vatnsveitu

Samkvæmt Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030 er landnotkun skilgreind sem óbyggð svæði. Framkvæmdin fer fram innan grannsvæðis vatnsverndar samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Með færslunni verður breyting á vatnsverndarsvæðum þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðarganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verður ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis.

## 7.4 Áhrif á vatnafar og vatnsvernd

Breyting á Suðurleið er ekki innan vatnsverndarsvæðis eða við straumvatn og hefur því ekki áhrif á vatnafar og vatnsvernd.

Líkt og komið er inn á í kafla 2 um forsendur framkvæmda og tilgang er megin tilgangur færslu á inntakslóni vatnsveitu úr draga úr áhættu á áhrifum á vatnsvernd. Í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga kemur fram að munni ganganna Seyðisfjarðarmegin er um 150 m norðan við Fjarðará. Jarðgöngin munu liggja um bæði fjar- og grannsvæði miðað við gildandi aðalskipulag og er jarðgangamunni staðsettur um 600 m ofan við vatnsból Seyðfirðinga í ánni. Gert er ráð fyrir að athafnasvæði og haugsetningasvæði sé staðsett nálægt gangamunna og væru þá einnig staðsett innan grannsvæðis vatnsverndar. Haugsetningarsvæði er áætlað í um 200 m fjarlægð frá Fjarðará og vatnsbóli Seyðfirðinga. Helstu áhættuþættir framkvæmdar geta komið fram bæði á framkvæmda- og rekstrartíma og felast í affallsvatni, jarðganga- og vegaframkvæmdum, athafnasvæði og haugsetningarsvæði.

Með færslunni verður breyting á vatnsverndarsvæðum þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðarganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verður ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis. Framkvæmdin dregur verulega úr áhættu á mengun bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma Fjarðarheiðarganga. Við færslu inntaksins þarf að gæta að mögulegri áhættu á mengunarslysum vegna olíunotkunar frá vinnuvélum. Með markvissu viðhaldi og eftirliti er hægt að lágmarka þessa áhættu. Unnið verður eftir sama verklagi vegna olíunotkunar og kemur fram í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga (Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf, 2022).

## 8 Samráð

Undirbúningur matsskyldufyrirspurnar hefur verið unnin í samráði við Múlaping um legu Suðurleiðar og HEF veitur um færslu á inntaki vatnsveitu. Á kynningartíma er búist við að leitað verði umsagnar um matsskyldufyrirspurn til eftirtalinna aðila:

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Skógræktin
- Minjastofnun Íslands
- Múlaping

### 8.1 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmd er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi Múlapingssamkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna matsskyldra framkvæmda.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Um er að ræða atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, eins og vinnslu jarðefna, vinnubúðir, farandsalerni og -eldhús, aðstöðu fyrir olíuskipti o.fl.
- Leyfi Minjastofnunar vegna rasks á fornleifum samanber lög nr. 80/2012 um menningarmínjar.
- Leyfi Skógræktarinnar vegna fellingu skógar samanber lög nr. 33/2019 um skógrækt.





## 9 Niðurstaða mats

Hér á eftir er tekin saman niðurstaða mats á umhverfisáhrifum aðalvalkostarins B og hinna tveggja valkostanna á umhverfisþætti (tafla 9.1).

Tafla 9.1 Samantekt áhrifa valkosta Suðurleiðar á einstaka umhverfisþætti.

	Vistgerðir og gróður	Fornleifar	Landnotkun og verndarsvæði	Vatnafar og vatnsvernd
Valkostur A	Neikvæð	Neikvæð	Neikvæð	Á ekki við
Valkostur B	Neikvæð	Óveruleg	Neikvæð	Á ekki við
Valkostur C	Neikvæð	Óveruleg	Neikvæð	Á ekki við

Tafla 9.2 Samantekt áhrifa valkosta um færslu á inntaki á einstaka umhverfisþætti.

	Vistgerðir og gróður	Fornleifar	Landnotkun og verndarsvæði	Vatnafar og vatnsvernd
Valkostur 1	Óveruleg	Óveruleg	Óveruleg	Óveruleg
valkostur 2	Óveruleg	Óveruleg	Óveruleg	Óveruleg

Áhrif allra valkosta Suðurleiðar eru talin vera neikvæð á vistgerðir og gróður en aðalvalkostur, B, hefur hlutfallslega minna rask á vistgerðum og tegundum plantna sem njóta sérstakrar verndar (votlendi og birki) en vegna valkostar A sem og valkostar C. Valkostur B fer ekki um vaxtarstaði friðlýstrar tegundar, blæaspar, eins og valkostur A gerir. Valkostur C fer nálægt vaxtarstöðum blæaspar.

Áhrif valkosta B og C eru talin óveruleg á fornleifar en áhrif valkosta A verða neikvæð á fornminjar. Óvíst er hvort gamli akvegurinn við Kollstaði falli undir lög nr. 80/2012 um menningarmínjar. Kolgröfum sem liggja í grennd við áhrifasvæði framkvæmdar verður hlíft eins og kostur er. Suðurleiðin stangast á við landnotkunina austast á framkvæmdasvæðinu, þ.e. túnrækt og útivist, og mun því hafa staðbundin neikvæð áhrif á því svæði til langtíma. Talsvert er af tünnum norðan Hríshóla þar sem valkostir A og valkostur B fara um. Sunnan Hríshóla þar sem valkostur C fer um er nokkuð minni þekkinga túna.

Vegagerðin leggur til að valkostur B verði valinn. Þar vegur mest að hlutfallslega minna er af votlendi og plöntum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd eða eru friðlýstar á áhrifasvæði þess valkosta en hinna tveggja valkostanna. Vægi áhrifa á landnotkun á borð við túnrækt og útivist eru talin minni.

Með mótvægisáðgerðum sem felast í góðri hönnun vegamannvirkjanna og skipulagi, auk vandaðra vinnubragða og frágangi á framkvæmdatíma, verður raski á gróðri og votlendi lágmarkað eins og mögulegt er. Um nánari mótvægisáðgerðir til að lágmarka rask og endurheimta vistgerðir sem tapast er vísað í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðaganga. Það er niðurstaðan að með hönnun, mótvægisáðgerðum og ákveðnu verklagi verði hægt að draga sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið á þann hátt að þau teljist ekki umtalsverð í skilningi laga nr. 111/2021, að teknu tilliti til mótvægisáðgerða og áhættuminnkandi aðgerða. Því telur Vegagerðin að ekki sé um að ræða matsskylda framkvæmd.

Rask vegna færslu á inntaki vatnsveitu er talið hafa óveruleg áhrif. Færslan er líkleg til að draga mjög úr áhættu á áhrifum framkvæmda við Fjarðarheiðargöng á vatnsvernd, og á það við um báða valkosti. Með færslunni verður breyting á vatnsverndarsvæðum þannig að framkvæmdasvæði Fjarðarheiðaganga við gangamunna Seyðisfjarðarmegin verður ekki lengur innan vatnsverndarsvæðis.



## 10 Heimildir

- Efla. (2020). *Landslag á Íslandi: Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- Fornleifastofnun Íslands. (2021). *Fjarðarheiðargöng: Fornleifaúttekt*. Unnið fyrir Vegagerðina.
- Hagstofa Íslands. (2022a). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2022 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2022*. Sótt frá [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_sveitarfelog/MAN02005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=09d921da-1f66-4dcf-89b5-d0f3df8b22d0](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=09d921da-1f66-4dcf-89b5-d0f3df8b22d0)
- Hagstofa Íslands. (2022b). *Mannfjöldi eftir þéttbýlisstöðum, kyni og aldri 1. janúar 2001-2022*. Sótt frá [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_Byggd akjarnar/MAN030102.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e9220157-3a93-441b-b4b5-baf9e2cec3f9](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggd akjarnar/MAN030102.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e9220157-3a93-441b-b4b5-baf9e2cec3f9)
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. (2016). Vistgerðir á Íslandi. *Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54*.
- Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar*. (10. nóvember 2022). Sótt frá <https://geo.alta.is/nms/?nr=3.6&lng=-14.3769074868382&lat=65.2429341240118&z=14>
- Náttúrustofa Austurlands. (2021). *Fjarðarheiðargöng - Viðbótarrannsókn á gróðurfari*. Unnið fyrir Vegagerðina.
- Náttúrustofa Austurlands. (2021). *Fjarðarheiðargöng. Lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína*. Unnið fyrir Vegagerðina.
- Náttúrustofa Austurlands. (2021). *Fjarðarheiðargöng. Mat á áhrifum vegaframkvæmda á landslag*. Unnið fyrir Vegagerðina.
- Skipulagsstofnun. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun. (2006). *Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun og endurheimt votlendis*. Umhverfisstofnun.
- Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf. (2022). *Fjarðarheiðargöng. Seyðisfjarðarvegur (93) og Hringvegur (1) í Múlapingi. Umhverfismatsskýrsla framkvæmdar*. Vegagerðin.



## 11 Viðaukar

- Viðauki 1** | Náttúrustofa Austurlands: Fjarðarheiðargöng – Viðbótarrannsókn á gróðri vegna nýrra valkosta (B og C) á Suðuleið.
- Viðauki 2** | Fornleifastofnun Íslands: Fjarðarheiðargöng – Fornleifaskráning vegna breyttrar veglínu.





NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS


## Fjarðarheiðargöng - Viðbótarrannsókn á gróðri vegna nýrra valkosta (B og C) á Suðurleið

Unnið fyrir Vegagerðina



Kristín Ágústsdóttir og  
Guðrún Óskarsdóttir



 <b>NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS</b>		
<b>Skýrsla nr:</b> NA-220231	<b>Dags:</b> Nóvember 2022	<b>Dreifing:</b> Opin
<b>Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):</b> Fjarðarheiðargöng. Viðbótarrannsókn á gróðri vegna nýrra valkosta (B og C) á Suðurleið. <b>UPPFÆRD ÚTGÁFA</b>		<b>Síðufjöldi:</b> 13 með viðauka <b>Upplag:</b> aðgengileg á <a href="http://www.na.is">www.na.is</a>
<b>Ljósmyndir á forsíðu:</b> Guðrún Óskarsdóttir		<b>Fjöldi viðauka:</b> 1
<b>Höfundar:</b> Kristín Ágústsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir		
<b>Unnið fyrir:</b> Vegagerðina		
<p>Sumarið 2020 rannsaði Náttúrustofa Austurlands gróður, fuglalíf og lífmassa í birkiskógum á mögulegum valkostum veglína um Fjarðarheiðargöng vegna umhverfismats fyrirhugaðra framkvæmda. Sumarið 2022 komu fram tillögur að breyttri legu vegar á svokallaðri Suðurleið sem liggur sunnan þéttbýlis á Egilsstöðum. Áhrifasvæði nýrra valkosta féllu utan rannsóknasvæðis frá 2020. Vegagerðin óskaði því eftir að Náttúrustofu Austurlands kortlegði gróður á nýjum valkostum og bæri niðurstöðurnar saman milli ólíkra valkosta.</p> <p>Breytingin felur í sér örlitla lengingu vegar, um 360-370 m eftir því hvort valkostur B eða C yrði fyrir valinu og þar með meira svæði sem raskað yrði. Innan 100 m áhrifasvæðis frá miðju vegar í báðar áttir er samsetning vistgerða og hlutfallsleg þekja mjög sambærileg fyrir valkosti B og C, þ.e. einkum skóglendi, votlendi, tún og runnamýravist. Sé litið til votlendra svæða sem ná út fyrir mörk áhrifasvæðisins mun bæði valkostur B og C raska meira votlendi sem nýtur verndar stærðar sinnar vegna (&gt;20.000 m<sup>2</sup>) samkvæmt náttúruverndarlögum en áður framlagður valkostur A.</p> <p>Meginniðurstaðan er að lítil munur á valkostum B eða C hvað áhrif á gróður varðar, en báðir valkostir myndu raska meira votlendi (sem fellur að hluta utan áhrifasvæðis) en valkostur A. Að sama skapi myndu þeir raska minna skóglendi og umtalsvert minna af túnum. Þekktir vaxtarstaðir blæspar, friðlýstrar tegundar sem fannst við vettvangsathugun, falla innan áhrifasvæða allra veglína.</p>		
<b>Lykilorð:</b> Vegagerðin, æðplöntur, vistgerðir, válisti Fjarðarheiðargöng, Suðurleið, jarðgöng, blæösp		<b>ISSN nr:</b> ISSN 2547-7447 (rafræn útgáfa)
<b>Yfirlit:</b> KÁ		<b>ISBN nr:</b> 978-9935-9670-2-2 (rafræn útgáfa)

## Efnisyfirlit


Inngangur .....	2
Aðferðir .....	2
Niðurstöður .....	3
Umræður .....	6
Heimildir .....	7
Viðauki 1 – Tegundir æðplantna .....	8



## Inngangur

Fram hafa komið hugmyndir um breytta legu Suðurleiðar sem er einn af valkostum Fjarðarheiðarganga Héraðsmegin. Annars vegar veglínu B og hins vegar veglínu C, en áður hefur verið gerð grein fyrir rannsóknum á náttúrufari vegna legu veglínu A (sjá Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021). Nýjar veglínur falla að mestu utan þess svæðis sem hafði verið kortlagt vegna veglínu A (1. mynd).

Með bréfi dagsettu þann 8. júlí 2022 óskaði Erla Björg Aðalsteinsdóttir f.h. VSÓ og Vegagerðarinnar eftir mati Náttúrustofu Austurlands á þörf á viðbótarrannsóknum á svæðinu. Ekki var talin ástæða til úttektar á fuglum vegna breytinganna, en háplöntur og vistlendi voru kortlögð á nýjum svæðum.



**1. mynd.** Breytt lega fyrirhugaðrar veglínu á Suðurleið vegna framkvæmda við Fjarðarheiðargöng, valkostir B og C. Áhrifasvæði (100 m til beggja átta frá miðlínu) er táknað með rauðri brotalinu. Valkostur A lá til grundvallar við fyrri rannsóknir (Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021). Mynd úr bréfi frá VSÓ dags. 8. júlí 2022.


## Aðferðir

Vettvangsathugun fór fram þann 4. ágúst 2022. Að vettvangsvinnu vann Guðrún Óskarsdóttir. Sömu aðferðum var beitt og í fyrri rannsókninni (Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021). Áhrifasvæði valkosta B og C var gengið, tegundir æðplantna skráðar og vistgerðir kortlagðar (Borgþór Magnússon 2019; Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir & María Harðardóttir (ritstj.) 2016). Vistgerðir voru kortlagðar í mælikvarðanum 1:5.000 á loftmynd frá ESRI (2022) og Loftmyndum ehf. (á.á.) á áhrifasvæði vegarins sem skilgreint var sem svæði 100 m til beggja átta frá miðlínu vegar, líkt og gert var í fyrri úttekt (1. mynd). Við skráningu tegunda var sérstaklega litið eftir sjaldgæfum og friðlýstum æðplöntutegundum og við það var stuðst við gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands (Náttúrufræðistofnun Íslands á.á.; 2018; Auglýsing nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna 2021).

Votlendi stærri en 20.000 m<sup>2</sup> (2 ha) njóta sérstakrar verndar skv. Náttúruverndarlögum (nr. 60/2013 m. s. br.). Lögð var áhersla á að kortleggja votlendissvæði sem að hluta til lentu innan skilgreinds áhrifasvæðis og að hluta utan þess. Auk kortlagningar stærri votlendissvæða á vettvangi voru landupplýsingagögn fyrir vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar og vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands höfð til hliðsjónar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016; Náttúrufræðistofnun Íslands 2020a; 2020b).

## Niðurstöður

Á veglínunum B og C voru 112 tegundir æðplantna skráðar við vettvangsathugun 4. ágúst 2022, samanborið við 111 tegundir á veglínu A árið 2020 (Viðauki 1). Þá voru 24 tegundir skráðar sumarið 2022 sem ekki voru skráðar 2020 og að sama skapi voru 23 tegundir skráðar sumarið 2020 sem ekki voru skráðar 2022 og var heildarfjöldi skráðra æðplöntutegunda því 135 (Viðauki 1). Eftir sem áður falla þekktir vaxtarstaðir blæspar innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra veglína (2. mynd), en blæosp er metin í nokkurri hættu (VU) á valista æðplantna (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018; á.á) og friðlýst með auglýsingu nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna frá nóvember 2021.



2. mynd. Þekktir fundarstaðir blæspar (gulir flákar) falla innan áhrifsvæði allra valkosta á Suðurleið (Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021, Lárus Heiðarsson og Sigurður Blöndal 2002). Bakgrunnskort: Loftmyndir frá Loftmyndum ehf. (á.á.).

Lengd veglínu valkostar B var um 360 m lengri og valkostar C um 370 m lengri en eldri tillaga (veglína A) og fólu því báðar í sér stærra áhrifsvæði og þar af leiðandi mögulega meira rask (Tafla 1).

Það eru að mestu leyti sömu vistgerðirnar sem þekja valkosti A, B og C á Suðurleið, en þekja hverrar þeirra er þó mismunandi mikil. Kjarrskógavist þekur frá 40 til 48%, starungsmýravist frá 21 til 26%, tún frá 8 til 15% og runnamýravist á láglandi milli 3 og 4% (Tafla 1).

Hlutfallega mest er af votlendum svæðum innan áhrifsvæðis valkostar C, sem jafnaframt er með stærsta áhrifsvæðið (Tafla 1). Votlendi þekur 29% áhrifsvæðis valkosta C, samanborið við tæp 26% innan áhrifsvæðis valkosta A og B. Víðfeðm votlendi eru innan áhrifsvæða allra veglína sem ná út fyrir mörk áhrifsvæðisins (myndir 3, 4 og 5) og eru það stór að þau njóta verndar stærðar sinnar vegna (>20.000m<sup>2</sup>) (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Aftur á móti verður minna af túnum og birkiskógum raskað komi til valkosta B eða C samanborið við veglínu A (Tafla 1).



Tafla 1. Hlutfallsleg þekja vistgerða innan áhrifsvæða ólíkra valkosta á Suðurleið Fjarðarheiðaganga sem náðu meira en 1% þekju innan áhrifsvæðis a.m.k. eins valkosta.


Vistlendi	Verndargildi	Leið A	Leið B	Leið C
Kjarrskógavist	Hátt	47.6%	40.3%	40.3%
Starungsmýravist	Mjög hátt	20.5%	22.8%	25.8%
Tún og akurlendi	Ekki skilgreint	14.9%	10.7%	7.9%
Runnaamýravist á láglendi	Mjög hátt	4.4%	2.8%	2.8%
Mosamelavist	Lágt	2.4%	1.6%	1.6%
Víðimóavist	Miðlungs	-	4.6%	2.4%
Flagmóavist	Miðlungs	1.7%	1.2%	1.2%
Grasengjavist	Hátt	1.6%	3.2%	2.9%
Brokflóavist	Mjög hátt	1.1%	0.3%	-
Fjalldrapamóavist	Miðlungs	1.1%	3.5%	3.3%
Snarrótarvist	Hátt	0.9%	2.4%	2.0%
Grasmóavist	Hátt	0.6%	2.2%	2.1%
Lyngmóavist á láglendi	Hátt	0.2%	1.3%	1.3%
Víðikjarrvist	Mjög hátt	0.7%	1.1%	1.1%

Stærð áhrifsvæðis (m<sup>2</sup>)

604255

650950

653781



- |                                |                            |                              |                                   |
|--------------------------------|----------------------------|------------------------------|-----------------------------------|
| Vottlendi sem njóta verndar    | L8.11 Brokflóavist         | L10.4 Grasmóavist            | L14.1 Þéttb. og annað manng. land |
| <b>Vistgerð</b>                | L8.13 Tjarnastararflóavist | L10.6 Fjalldrapamóavist      | L14.2 Tún og akurlendi            |
| L1.3 Mosamelavist              | L9.4 Snarrótarvist         | L10.8 Lyngmóavist á láglendi | L14.4 Alaskalúpína                |
| L5.3 Hraungambravist           | L9.5 Grasengjavist         | L10.9 Víðimóavist            | L14.5 Uppgræðsla                  |
| L8.6 Runnaamýravist á láglendi | L10.1 Mosamóavist          | L10.10 Víðikjarrvist         |                                   |
| L8.9 Starungsmýravist          | L10.2 Flagmóavist          | L11.1 Kjarrskógavist         |                                   |

0 0.5 km

3. mynd. Vistgerðir á áhrifsvæði valkosta B á Suðurleið sem er einn valkostur vegna fyrirhugaðrar framkvæmda við Fjarðarheiðagöng. Svartar merkingar vísa í vistgerð og hvítar merkingar er stærð samliggjandi vottlendra svæða í m<sup>2</sup>. Bakgrunnskort: Loftmyndir frá Loftmyndum ehf. (á.á.).





## Umræður

Nýir valkostir B og C á Suðurleið eru örlítið lengri en áður framlagður valkostur A og því verður rask meira í takt við það. Gróðurfar allra valkosta einkennist af birkiskógum, votlendi og nýjum og gömlum túnum, þó munu valkostir B og C raska meira af votlendum svæðum sem njóta verndar en valkostur A (3, 4 og 5. mynd). Aftur á móti verður minna skóglendi og túnum raskað komi til valkosta B eða C samanborið við veglínu A.

Áhrif valkostir B og C yrðu nokkuð lík hvað varðar rask vistgerða sem njóta verndar, þ.e. birkiskóg og stór votlendi svæði.

Sömu stóru votlendu svæðin myndu raskast (myndir 3 og 4) auk þess sem þessir valkostir myndu til viðbótar einnig valda raski á stórum votlendum svæðum austarlega á áhrifasvæðum sínum, sem að áður framlagður valkostur A sneiðir hjá (5. mynd). Hafa ber í huga að þó dregin séu einhver mörk votlendis við kortlagningu og reiknaðar stærðir einstakra fláka má segja að svæðið sunnan við byggðina á Egilsstöðum sé meira og minna votlent og eru örnefnin þar til marks um það: Flói, Hringtjarnarblá og Lambhúsamýri. Óverulegur munur er aftur á móti á valkostum B og C hvað varðar rask votlendra svæða.

Óheimilt er að eyða skógum, að hluta eða heild, samkvæmt lögum um skóga og skógrækt (nr. 33/2019), nema til komi sérstakt leyfi, auk þess sem sérstæðir birkiskógar eru verndaðir samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013). Birkiskógurinn á svæðinu telst vafalaust til sérstæðra birkiskóga vegna aldurs og ætti því að njóta verndar. Auk þess var Egilsstaðaskógur, nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettur hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndar-áætlunar 2009–2013, vegna flétta (María Harðardóttir o.fl. 2008, sjá líka Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021).

Tegundafjölbreytni er sambærileg, hvort sem kostur A, B eða C verður fyrir valinu og þekktir vaxtarstaðir blæspar falla innan áhrifasvæða allra valkosta (2. mynd), en hún er metin í nokkurri hættu (VU) á valista æðplantna (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018; á.á). Auk þess hefur blæösp verið friðlýst með auglýsing nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna 2021, sem er breyting frá því aðalskýrslan um lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína Fjarðarheiðaganga kom út í mars 2021 (Kristín Ágústsdóttir o.fl. 2021).

Kortlagning vistgerða og skráning tegunda tók til 100 m áhrifasvæðis frá miðlínu vegkosta, alls 200 m breitt belti. Með góðri hönnun og skipulagi, auk vandaðra vinnubragða á framkvæmdatíma mætti leitast við að lágmarka áhrif á gróður.

## Heimildir

Auglýsing nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna, 18. nóvember 2021.

Borgþór Magnússon. (2019). Vistgerðalykill Náttúrufræðistofnunar Íslands. Garðabær. Sótt í maí 2019 á [http://utgafa.ni.is/Baeklingar/baekl\\_Vistgerdalykill\\_land\\_A4.pdf](http://utgafa.ni.is/Baeklingar/baekl_Vistgerdalykill_land_A4.pdf)

ESRI (2022). ESRI (2022). Esri, Maxar, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, & María Harðardóttir (ritstj.). (2016). Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær.

Kristín Ágústsdóttir, Hálfán Helgi Helgason, Guðrún Óskarsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Erlín E. Jóhannsdóttir og Halldór W. Stefánsson (2021). *Fjarðarheiðagöng. Lífríki á áhrifasvæði mögulegra veglína*. Náttúrustofa Austurlands, NA nr. 210205.

Lárus Heiðarsson og Sigurður Blöndal (2002). *Blæöspin í Egilsstaðaskógi*. Rit Mógilsár Rannsóknastöðvar Skógræktar, Nr. 12. ISSN 1608-3687

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br. Sótt í september 2020 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Sótt í september 2020 á: <https://www.althingi.is/lagas/150c/2019033.html>

Loftmyndir ehf. (á.á.). Loftmyndir teknar í flughæð 3500 árin 2000, 2003, 2006 og 2019. Myndir fengnar skv. samningi vegna ráðgjafar við Vegagerðina.

María Harðardóttir, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Sigmundur Einarsson, Sigurður H. Magnússon, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson (2008). Verndun svæða, vistgerða og tegunda. *Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009–2013*. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ 08008. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands (2018). Válisti æðplantna. Sótt í október 2022 á: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>

Náttúrufræðistofnun Íslands (á.á.). Fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda. Óbirtur gagnagrunnur (Pawel Wasowicz).

Náttúrufræðistofnun Íslands (2020a). *Landupplýsingagögn. Vistgerðir á Íslandi, 1:25.000 1:25.000 – ni\_vg25r\_2utg.*, 2. útgáfa. Sótt í maí 2020 á: [http://atlas.lmi.is/NI\\_Data](http://atlas.lmi.is/NI_Data)

Náttúrufræðistofnun Íslands (2020b). *Forgangsvistgerðir*. Sótt í september 2020 á: <https://www.ni.is/greinar/forgangsvistgerdir>



## Viðauki 1 – Tegundir æðplantna

Tegundir æðplantna á valkostum Suðurleiðar, annars vegar á áhrifasvæði valkosta A, skráðar á vettvangi í júlí 2020 og hins vegar á áhrifasvæðum valkosta B og C, skráðar á vettvangi ágúst 2022. Ein friðlýst tegund fannst í báðum athugunum er og táknuð með rauðu lettri. Aðrar tegundir eru hvorki friðlýstar né á válista æðplantna (Auglýsing nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna 2021; Náttúrufræðistofnun Íslands 2018).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	ágúst 2022	júlí 2020
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	x	x
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>	x	x
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>	x	x
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	x	x
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x	x
Baldursbrá	<i>Tripleurospermum maritimum</i>	x	
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	x	x
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	x	x
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	x	x
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>	x	
Birki	<i>Betula pubescens</i>	x	x
Bjöllulilja	<i>Pyrola grandiflora</i>	x	x
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	x	x
<b>Blæösp</b>	<b><i>Populus tremula</i></b>	x	x
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	x	x
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>	x	x
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	x	x
Blátoppastör	<i>Carex canescens</i>	x	x
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	x	x
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	x	x
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	x	x
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	x	x
Brennisóley	<i>Ranunculus subborealis</i>	x	x
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	x	x
Bugðupunktur	<i>Avenella flexuosa</i>	x	x
Dagstjarna	<i>Silene dioica</i>		x
Einir	<i>Juniperus communis</i>	x	x
Engjarós	<i>Comarum palustre</i>	x	x
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>	x	
Eyrarrós	<i>Chamerion latifolium</i>	x	
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>	x	x
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	x	x
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>	x	x
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>	x	x
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	x	x
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>		x
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>		x
Flóastör	<i>Carex limosa</i>	x	
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	x	x
Geitaskegg	<i>Aruncus diocius</i>	x	

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	ágúst 2022	júlí 2020
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>		X
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	X	
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>		X
Grávorbólóm	<i>Draba incana</i>	X	
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>		X
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	X	X
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	X	X
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	X	X
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>		X
Hálmgresi	<i>Calamagrostis neglecta</i>	X	X
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>	X	
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	X	X
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>	X	X
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>		X
Hjónagras	<i>Pseudorchis straminea</i>		X
Hlaðkolla	<i>Lepidotheca suaveolens</i>		X
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>	X	
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>	X	
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>	X	
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	X	X
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	X	X
Hrafnaþífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>		X
Hrafnaklukka	<i>Cardamine pratensis</i>	X	X
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	X	X
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>	X	X
Húsapuntur	<i>Elytrigia repens</i>	X	
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	X	X
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	X	X
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	X	X
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>		X
Jarðarber	<i>Fragaria vesca</i>		X
Klólfting	<i>Equisetum arvense</i>	X	X
Klóþífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	X	X
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>	X	X
Knjáliðagras	<i>Alopecurus geniculatus</i>		X
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	X	X
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	X	X
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	X	X
Lækjargrýta	<i>Montia fontana</i>	X	
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	X	X
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>		X
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	X	X
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	X	X
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>	X	
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	X	X
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	X	X
Mariústakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	X	X
Mariuvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>		X
Melablóm	<i>Arabidopsis petraea</i>	X	

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	ágúst 2022	júlí 2020
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	x	x
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	x	x
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	x	
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>	x	
Mýrasef	<i>Juncus alpinoarticulatus</i>		x
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	x	x
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	x	x
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	x	x
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>		x
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>	x	
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>	x	x
Ógreindur víðir	<i>Salix spp.</i>	x	
Reynir	<i>Sorbus aucuparia</i>	x	x
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>	x	x
Rifs	<i>Ribes x pallidum</i>		x
Sjóstjarna	<i>Trientalis europaea</i>	x	x
Skariffíll	<i>Leontodon autumnalis</i>	x	x
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	x	
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>	x	x
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	x	x
Snæsteinbrjótur	<i>Saxifraga nivalis</i>		x
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia cespitosa</i>	x	x
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	x	x
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	x	x
Stjörnusteinnbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>		x
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	x	x
Þúfusteinnbrjótur	<i>Saxifraga cespitosa</i>		x
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	x	x
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>	x	x
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>		x
Túnfífill	<i>Taraxacum spp</i>	x	x
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	x	x
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	x	x
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	x	x
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>	x	x
Undafífill	<i>Hieracium...mismunandi undirheiti eru amk 6.</i>	x	
Vætuðúnurt	<i>Epilobium ciliatum</i>	x	x
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>	x	x
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	x	x
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	x	x
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	x	x
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	x	x
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	x	x
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	x	x
Vetrarkvíðastör	<i>Carrex chordorrhiza</i>	x	
Villilín	<i>Linum catharticum</i>	x	
<b>Alls fjöldi tegunda</b>		<b>135</b>	<b>112</b>
		<b>112</b>	<b>111</b>



# NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Bakkavegi 5 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Netfang: na@na.is  
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • www.na.is

ANTIKA EHF 2022

# Fjarðarheiðagöng

Fornleifaskráning vegna breyttrar veglínu

---

**Indriði Skarphéðinsson og Ragnheiður Traustadóttir**





### Kort 1 Staðsetninga fornleifaskráningar.

Forsíðumynd: Gerði við Kollsstaði í forgrunni og Lambhúsamýri í bakgrunni

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson

[www.antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-27-7

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Antikva ehf., Indriði Skarphéðinsson og Ragnheiður Traustadóttir

Verkefnanúmer: 2831



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Fornleifaskráningar og skráningarsvæðið .....	6
Tilgangur fornleifaskráningar .....	7
Fornleifaskráning og aðferðir .....	9
Minjanúmer .....	9
Tegund, hlutverk og heiti .....	10
Staðsetning .....	10
Staðhættir og lýsing .....	10
Hættumat .....	10
Mótvægisáðgerðir .....	11
Fornleifar innan skráningarsvæðis .....	12
Kolagröf [2831-600] niðurgröftur .....	13
Kolagröf [2831-601] niðurgröftur .....	13
Kolagröf [2831-602] niðurgröftur .....	13
Kolagröf [2831-603] niðurgröftur .....	14
Kolagröf [2831-604] niðurgröftur .....	14
Kolagröf [2831-605] niðurgröftur .....	14
Leið [2831-606] gata .....	15
Stekkur [2831-607] tóft .....	16
Akvegur [2831-608] gata .....	17
Gerði [2831-609] tóft .....	18
Óþekkt [2831-610] Tótt .....	19
Lambhús [2831-611] heimild .....	19
Samantekt og niðurstöður .....	20
Heimildir .....	22

## Myndaskrá

Mynd 1. Skjáskot úr skráningargrunni Múlapings sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands .....	11
Mynd 2. Kolagrafir [2831-600] og [2831-601]. .....	13
Mynd 3. Kolagröf [2831-602]. .....	13
Mynd 4. Kolagröf [2831-603]. .....	14
Mynd 5. Kolagröf [2831-604]. .....	14
Mynd 6. Kolagröf [2831-605]. .....	14

Mynd 7. Leið [2831-606].....	15
Mynd 8. Tóft [2831-607], séð að framan.....	16
Mynd 9. Gamli akvegurinn [2831-608], horft til Egilsstaða. ....	17
Mynd 10. Gerði [2831-609], séð ofan af Kollinum.....	18
Mynd 11. Tótt [2831-610], tóft [2831-607] í bakgrunni. ....	19

## **Kortaskrá**

Kort 1 Staðsetninga fornleifaskráningar.....	2
Kort 2. Skráningarsvæðið.....	6
Kort 3. Yfirlitskort af fornleifum og veglínunni.....	12
Kort 4. Búsetuminjar í landi Kollsstaða.....	16

## Inngangur

Að beiðni VSÓ tók Antikva ehf. að sér vettvangsskoðun og skráningu fornleifa vegna nýrra veglínu suðurleiðar í tengslum við umhverfismat Fjarðarheiðarganga og breytinga á Seyðisfjarðarvegi (93) og Hringvegi (1) í Múlþingi.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta svæðisins bæði vegna sömu framkvæmda haustið 2020 (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021) og vegna heildarskráningar fornleifa í öllum sveitarfélögum á Héraðssvæðinu árin 1996-1997 (Guðný Zoëga 1997).

Svæðið var kannað á vettvangi 20. ágúst síðastliðinn og skráðar voru 12 fornleifar. Aðeins eru einar minjar sem veglínan liggur í gegnum en það er gamall bílvegur [2831-608]. Aðrar skráðar minjar eru staðsettar í um 25-100 m fjarlægð frá miðlínu vegar og stafar þeim því ekki bein hætta af framkvæmdunum.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat og skýrslu- og kortagerð.

Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Fornleifaskráning fékk verkefnanúmer 2831 hjá Minjastofnun.

Skýrsluhöfundar sáum um vettvangsvinnu, heimildavinnu og skýrsluskrif.

Með skýrslunni fylgja skrár og stafrænn hnitagrunnur.



## Fornleifaskráningar og skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið liggur sunnan við þéttbýlið á Egilsstöðum, frá Þjóðveginum (1) um Fagradal að Skriðdals- og Breiðdalsvegi (95). Skoðað var svæðið sem lendir undir mögulegu vegstæði ásamt svæði í 100 m radius frá því. Svæðið liggur í gegnum tún, bæði í rækt og órækt, þykkann birkiskóg og mýrlendi.



Kort 2. Skráningarsvæðið.

Árin 1996 og 1997 fór fram skráning í þáverandi sveitarfélagi, Egilsstöðum, og sá Safnastofnun Austurlands um framkvæmd hennar (Guðný Zoëga 1997). Í þeirri skráningu voru meðal annars skráðar minjar í og við Kollsstaði. Bæjarstæði Kollsstaða liggur stutt sunnan við fyrirhugaða veglínu stutt austan við tenginu veglínunnar við Skriðdals- og Breiðdalsveginn (95). Fimm minjar sem skráðar voru í skráningu Safnastofnunar Austurlands árið 1997 lenda innan skráningarsvæðisins og voru því mældar upp og skráðar aftur nú.

Fornleifastofnun Íslands annaðist skráningu á fornleifum á því svæði sem óbreytt veglína lá um (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021). Svæðið sem skráð var þá skarast lítillaga við það svæði sem skráð var nú, þar sem veglínan tengist Skriðdals- og Breiðdalsvegi (95). Tvær fornleifar sem skráðar voru af Fornleifastofnun Íslands lenda innan skráningarsvæðis nú en eru þó útjaðri þess. Það er annars vegar varða [SM-026:030], og hins vegar garðlag [SM-026:031].

Nálgast má nánari upplýsingar um þessar minjar í skráningu Fornleifastofnunar Íslands (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021:90-91).

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.



Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## **Fornleifaskráning og aðferðir**

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jarðirnar Kollsstaði og Egilsstaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort, auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### **Minjanúmer**

Minjar eru auðkenndar með númeri, sérheiti þeirra ef við á og hlutverki þeirra, til dæmis „stekkur [2831-608]“. Síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrri númerið er verknúmer viðkomandi fornleifaskráningar en seinna númerið vísar til einstakra minja. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Múlaþings yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar.

## **Tegund, hlutverk og heiti**

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, götu, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis gata eða túngarður.

## **Staðsetning**

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Múlaþings. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## **Staðhættir og lýsing**

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## **Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki voru aðeins einar minjar, Lambhúsamýri [2831-611] sem skráðar voru sem heimild.

## Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

Attribute	Value
Id	609
Name	Gerði/stekkur
Class	Arkeologiska object
Sérheiti	
Bæjarnafn	Kollstaðir
Samtala	609
Jarðatal Johnsen	26
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Gerði
Efni	Grjót
Lengd	14 meter
Breidd	12 meter
Hæð	0,80 metrar
Vegg hæð frá	0,30
Vegg hæð til	0,80
Athugasemdir	75 m frá miðlinu
Umhverfi	Þétt undir V hlið Kollsins 70 A við Kollstöðum
Heimildir	Guðný Zoega 1997:42.
Órnefnaskrá	
Aldur	1800-1930
Aldur frá	1800
Aldur til	1950
Skráning	IS
Mæling	Uppmæling
Dagur	20.08.2022
Horfin	Nei
Horfin_ástæða	<None>
Hættumat	Litil hættu
Hættuorso	<None>
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Gömul nr.	SM-26:008
Verkefni	Fjarðarheiði jarðgöng
Verkefna nr.	2831
Sveitarf	Múlþing
Friðað	Já
Friðlyst	Nei
Gróður	Gras, mosi
Minjagildi	Nokkuð
Hlutverk	Stekkur

Mynd 1. Skjáskot úr skráningargrunni Múlþings sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.



## Fornleifar innan skráningarsvæðis



Kort 3. Yfirlitskort af fornleifum og veglínunni.

Skráningarsvæðið liggur í landi Egilsstaða og þétt upp við eyðibýlið Kollsstaði. Kollsstaðir voru í bændaeign og sérabúð fram til 1904 en þá var jörðin lögð undir Egilsstaði. Bændur á Egilsstöðum II bjuggu á Kollsstöðum en sátu þó á Egilsstöðum. Í *Jarðatali Johnsens* eru Kollsstaðir metnir á 20 hundruð en þar af eru 6 hundruð í hjáleigunni Kollsstaðagerði (J. Johnsen, 1847). Á Kollsstöðum var ræktargott þýft tún (3,19 ha, taða 19 hb). Engjar voru þýfðar, votar og dreifðar en gáfu af sér um 200 hesta af allgóðu heyi. Beitolandið var víðlent og gott en ekki upprekstrarland. Skóglaut var í Kollsstaðalandi en síðan hefur skógur þar vaxið mjög (Ármann Halldórsson 1975).

### **Kolagröf [2831-600] niðurgröftur**

Ferhryningslaga kolagröf um 2 metrar á lengd og 1,5 metrar á breidd. Mesta dýpt í gröfnni virðist vera um 30 cm. Kolagröfin er inni í birkiskógi og er vel gróinn, staðsett um 20 metrum sunnan við Fagradalsveginn í norðurhlíð áss sem þar stendur stutt frá svokölluðu Heyhrauni. Önnur samskonar kolagröf [2831-601] er um 1,5 m suðaustan við þessa. Kolagrafirnar eru staðsettar um 60 m vestan við miðju fyrirhugaðrar veglínu í valkosti B.



Mynd 2. Kolagrafir [2831-600] og [2831-601].

### **Kolagröf [2831-601] niðurgröftur**

Ferhryningslaga kolagröf um 2 metrar á lengd og 1.5 metrar á breidd. Mesta dýpt í gröfnni virðist vera um 30 cm. Kolagröfin er inn í birkiskóg og er vel gróin, staðsett um 20 metrum sunnan við Fagradalsveginn í norður hlíð áss sem þar stendur. Önnur samskonar kolagröf [2831-600] er um 1.5 m norðvestan við þessa. Kolagröfin eru staðsettar um 60m vestan við miðju fyrirhugaðrar veglínu í valkosti B.

### **Kolagröf [2831-602] niðurgröftur**

Kolagröf, nokkuð ávöl í laginu, um 3 m á lengd og 2 m á breidd. Mesta dýpt hennar er um 40 cm. Kolagröfin er staðsett í vel grónum birkiskógi uppi á áss sem stendur á milli Fagradalsvegarins til norðurs og túns Egilsstaðabænda til suðurs. Hún er um 56 m vestan við miðju veglínu í valkosti B.



Mynd 3. Kolagröf [2831-602].



### **Kolagröf [2831-603] niðurgröftur**

Kolagröf nokkuð ávöl í laginu, um 2 m á breidd og 2 m á lengd, mesta dýpt um 30 cm. Hún er staðsett í þykkum birkiskógi við norðurenda túns, um 50 m vestan við miðju veglínu í valkosti B.



Mynd 4. Kolagröf [2831-603].

### **Kolagröf [2831-604] niðurgröftur**

Kolagröf, nokkuð ávöl í laginu, um 1,5 m á breidd og 2 m á lengd, mesta dýpt um 30 cm. Hún er vel falin í þykku kjarri, staðsett á lágum ás vestan við túnin sem ganga suður af Nautahúsum Egilsstaðabænda, um 40 m norðan við miðju veglínu í valkosti B.



Mynd 5. Kolagröf [2831-604].

### **Kolagröf [2831-605] niðurgröftur**

Kolagröf, ávöl í laginu, um 2 m á lengd og 1,5 m á breidd, mesta dýpt um 40 cm. Hún er staðsett í nokkuð opnum gömlum skógi á milli ónýttra túna norðan við Hríshóla, um 25 m sunnan við miðju veglínu í valkosti B.



Mynd 6. Kolagröf [2831-605].



## Leið [2831-606] gata



Mynd 7. Leið [2831-606].

Reiðgata/slóði sem liggur frá norðurenda túnsins við Kollsstaði og til austurs. Slóðin er vel greinileg á köflum. Kolagrafirnar eru staðsettar um 60 m vestan við miðju fyrirhugaðrar veglínu í valkosti B en þessi leið er lengra frá henni. Á 120 m kafla liggur hún 80-100 m sunnan við miðju veglínu í valkosti B og er því innan 100 m áhrifasvæðis hennar. Slóðin heldur svo áfram að minnsta kosti hálfan kílómetra til austurs utan áhrifasvæðisins. Líklega eru þetta sömu reiðgötur, **SM-26:015**, og skráðar voru í fornleifaskráningu Safnastofnunar Austurlands árið 1997: „Austur frá Kollsstöðum. Í holtinu fyrir austan Flóann og stefna utanvert á Egilsstaðahálsinn. Þarna sjást einhverjar götur“ (Guðný Zoëga 1997:43).



Kort 4. Búsetuminjar í landi Kollstaða.

### Stekkur [2831-607] tóft



Mynd 8. Tóft [2831-607], séð að framan.

Grasi gróinn tvíhólfa tóft, 10 m á lengd og 8,5 m á breidd. Tóftin er staðsett austan undir Kollinum sem er klettaás stutt norðan við bæjarstæði Kollstaða. Gamli akvegurinn [2831-608] liggur um 15 m vestan við tóftina og um 10 m suðaustan við hana er lítil tótt [2831-610]. Tóft [2831-607] snýr suðvestur – norðaustur og eru op á norðausturgöflum. Í fornleifaskráningu Safnastofunnar Austurlands er hún skráð sem stekkur með númerið SM-



**26:006** (Guðný Zoëga 1997:42). Tóftin er staðsett um 45 m sunnan við miðju veglínu í valkosti B.

### Akvegur [2831-608] gata



Mynd 9. Gamli akvegurinn [2831-608], horft til Egilsstaða.

Gamli bílvegurinn inn Vellina. Slóðinn kemur að utan frá Egilsstöðum og liggur að bæjarstæði Kollsstaða. Safnastofnun Austurlands skráði veginn árið 1997 með númerinu **SM-26:014** og þar segir: „Liggur frá bifreiðaverkstæðinu Dagsverki inn Hraungarðana upp á bæjarhólinn [Kollsstaði] um Kollsstaðaklauf í gegnum túnið á Kollstöðum ... Vegur þessi er enn vel greinanlegur en hann er þó orðinn nokkuð gróinn víðast hvar. Þetta er elsti bílvegurinn inn Austur-Vellina.“ (Guðný Zoëga 1997:43). Vegurinn er enn nokkuð vel greinanlegur en á stöku stöðum hverfur hann í birki sem er að taka yfir á þessu svæði.

Brot af vegslóðinni var einnig skráð í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 2021 og fékk þar númerið: **SM-611:008\_01** (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2021:97). Er um að ræða áframhald af sama vegi. Bílvegurinn sjálfur er líklegast frá fyrri hluta 20. aldar en ekki er ólíklegt að hann liggi eftir gömlu reiðgötunni um sveitina heim að Kollstöðum þannig að vegarstæðið gæti verið eldra. Vegurinn liggur í um 250 m línu þvert í gegnum veglínuna og áhrifasvæði hennar.



## Gerði [2831-609] tóft



**Mynd 10. Gerði [2831-609], séð ofan af Kollinum.**

Ferhyrningslaga gerði með ávölum hornum er þétt undir vesturhlið Kollsins. Gerðið er um 12 m á breidd og 14 m á lengd. Veggir virðast hlaðnir úr grjóti og mesta hæð þeirra rúmur 1 m. Gerðið er hlaðið upp að brekkunni sem myndar fjórðu hliðina. Op er á því til suðvesturs. Gerðið hefur áður verið skráð í fornleifaskráningu Safnastofnunar Austurlands og fékk þar númerið **SM-26:008**. Þar voru minjarnar skráðar sem stekkur. Spýtu - og bárujárnsrusl liggur inni í gerðinu líkt og þegar það var skráð 1997 (Guðný Zoëga 1997:42). Gerðið er staðsett um 75 m frá miðju veglínu í valkosti B.

## Óþekkt [2831-610] Tótt



Mynd 11. Tótt [2831-610], tóft [2831-607] í bakgrunni.

Lítill tótt sem staðsett er um 11 m austan við tvíhólfa tóftina [2831-607]. Tóttin er eins og grafinn inn í lága brekku og er hún um 1 x 1 m að innanmáli með op til norðausturs.

Minjarnar hafa áður verið skráðar í fornleifaskráningu Safnastofnunar Austurlands og fengu þar númerið **SM-26:007**. Hlutverk tóftarinnar er ekki skýrt. Tóttin er staðsett tæpa 60 metra frá miðlínu vegar í valkosti B.

### Lambhús [2831-611] heimild

Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er mýrin norðvestan við kollinn nefnd Lambhúsamýri.

Ekki voru greinilegar minjar lambhúsa á yfirborði á svæðinu en mögulega hefur mýrin dregið nafn af tvíhólfa tóftinni [2831-607] sem stendur austur undir Kollinum. Miðja veglínu valkostar B liggur beint í gegnum mýrina.

Númer	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættu mat	M miðlína
2831-600	Dæld	Kolagröf	870-1900	Greinanlegar forn.	Lítill hættu	60 m
2831-601	Dæld	Kolagröf	870-1900	Greinanlegar forn.	Lítill hættu	60 m
2831-602	Dæld	Kolagröf	870-1900	Greinanlegar forn.	Lítill hættu	56 m
2831-603	Dæld	Kolagröf	870-1900	Greinanlegar forn.	Lítill hættu	50 m
2831-604	Dæld	Kolagröf	870-1900	Greinanlegar forn.	Mikil hættu	40 m
2831-605	Dæld	Kolagröf	870-1900	Greinanlegar forn.	Mikil hættu	25 m
2831-606	Gata	Leið	870-1900	Vel greinanleg	Engin hættu	80-100 m
2831-607	Tóft	Fjárhús	1800-1950	Vel greinanleg	Lítill hættu	45 m
2831-608	Gata	Akvegur	1800-1950	Vel greinanleg	Mikil Hættu	Fer undir veglínuna
2831-609	Gerði	Stekkur	1800-1950	Vel greinanleg	Lítill hættu	75 m
2831-610	Tótt	Óþekkt	1800-1950	Vel greinanleg	Lítill hættu	60 m
2831-611	Heimild	Lambhús		Engar minjar		Fer undir veglína

## Samantekt og niðurstöður

Á rannsóknarsvæðinu voru skráðar tólf fornleifar í heildina. Minjarnar eru tvenns konar, annars vegar kolagrafir í gömlum birkiskóg á austurhluta skráningarsvæðisins og hins vegar minjar tengdar ábúð á Kollsstöðum. Minjarnar sem skráðar voru í nágrenni Kollsstaða virðast ekki vera mjög fornar og eru líklegast frá tímabilinu frá 18. öld til byrjunar 20. aldar. Erfiðara er að álykta um aldur kolagrafanna en kolagerð var hér á landi allt frá því að það byggðist og gætu þær því verið nokkuð fornar. Einnig ber að geta þess að talsvert þykkur skógur er á því



svæði sem kolagrafirnar voru skráðar og fleiri kolagrafir gætu því leynst undir gróðurþykkuninu á svæðinu.

Samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), er 15 m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar fornleifar nema annað sé ákveðið. Fyrirhuguð veglína liggur aðeins beint yfir götu [2831-608] inn Vellina. Aðrar minjar eru í 25-100 m fjarlægð frá miðju veglínunnar. Næstar henni er kolagröf [2831-605], staðsett í 25 m fjarlægð frá miðju veglínu. Henni gæti mögulega stafað hættu af framkvæmdunum eftir því hvað áhrifasvæði þeirra teygir sig langt út frá miðju veglínu.

Er það mat skráningaraðila að nægilegar mótvægisáðgerðir felist í uppmælingu gamla bílvegarins; minjarnar eru greinilega ungar og óvíst hvort friðun sökum aldurs nái til þeirra. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi kolagrafanna sem liggja næst veglínunni gætu mótvægisáðgerðir falið í sér að bora með jarðvegsbor, eða grafa lítinn skurð í minjarnar til að meta aldur þeirra og eðli.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## Heimildir

Lilja Laufey Davíðsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir (2021).

*Fjarðarheiðargöng: Fornleifaúttekt.* Fornleifastofnun Íslands. FS827-20291.

Guðný Zoëga (1997). Skýrsla um aðalskráningu fornleifa í Egilsstaðabæ (óþekkt heiti).

Egilsstaðir: Safnastofnun Austurlands.

Johnsen. J (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu.*



Kaupmannahöfn; J. Johnsen.

*Sveitir og jarðir í Múlapingi* (1975). II. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.). Egilsstaðir:


Búnaðarsamband Austurlands.





<p><b>Fornleifar og minjar</b> Ný veglína Fjarðarheiðragöng</p>	<p>N</p> 	<p>0 90 180 360 540 720 metrar</p> 	<p><b>Antikva ehf.</b> Kortagerö: Indriði Skarphéðinsson Skráning: Ágúst 2022. Indriði Skarphéðinsson</p>
<p><b>Loftmyndir ehf</b></p>	<p>Kort 2</p>		<p>20.08.2022</p>





**Skráðar fornleifar og minjar**  
 Ný veglína Fjarðarheiðragöng

Loftmyndir ehf


0 40 80 160 240 320 metrar



Kort  
3

N

<b>Antikva ehf.</b>	
Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson	
Skráning: Ágúst 2022. Indriði Skarphéðinsson	
<b>20.08.2022</b>	





<p><b>Antikva ehf.</b></p>	<p>N</p> 	<p>0 40 80 160 240 320 metrar</p> 	<p><b>Skráðar fornleifar og minjar</b> Ný veglína Fjarðarheiðragöng</p>
<p>Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson</p>	<p>Kort 4</p>	<p>Loftmyndir ehf</p>	<p>Skráning: Ágúst 2022. Indriði Skarphéðinsson</p>
<p>20.08.2022</p>			



Nr.	2831-600	Bæjarnafn	Egilsstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð áð.	Jarðatalsnr.	24
Svæði		Sveitarfélag	Múlaþing	Dagur	20.08.2022	Skráning	IK&RT
Hlutverk	Kolagröf	Tegund	Niðurgröftur	Flokkun	Nytjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fjarðarheiði jarðgöng		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Lítill hætta	Hættuorsök			
Aldur	870-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni		Umhverfi og gróður	Birkiskógur, gras, mosi og lyng				
Lengd	2 m	Breidd	1,5 m	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	716114,736						
Isnet N	535913,450					Minjagildi	Lítið

Ljósmyndari	IS	Mótvægisaðgerðir	Engar
-------------	----	------------------	-------



Ferhyrningslaga kolagröf um 2 metrar á lengd og 1.5 metrar á breidd. Mesta dýpt í gröfnni virðist vera um 30 cm. Kolagröfin er inn í birkiskóg og er vel gróinn, staðsett um 20 metrum sunnan við Fagradalsveginn í norður hlíð áss sem þar stendur stutt frá svokölluðu Heyhrauni. Önnur samskonar kolagröf [2831-601] er um 1.5 m suðaustan við þessa.

Kolagröfin eru staðsettar um 60m vestan við miðju fyrirhugaðrar veglínu í valkosti B.



Nr.  Bæjarnafn  Gömul nr.  Jarðatalsnr.   
Svæði  Sveitarfélag  Dagur  Skráning   
Hlutverk  Tegund  Flokkun   
Sérheiti  Friðað  Verkefni

Ástand  Hættumat  Hættuorsök   
Aldur  Horfin  Horfin ástæða   
Efni  Umhverfi og gróður   
Lengd  Breidd  Hæð  Hleðslu umferð   
Túnakort  Örnefnaskrá   
Mæling  Heimildir   
Isnet E   
Isnet N  Minjagildi

Ljósmyndari  Mótvægisaðgerðir



Ferhyrningslaga kolagröf um 2 metrar á lengd og 1.5 metrar á breidd. Mesta dýpt í gröfnni virðist vera um 30 cm. Kolagröfin er inn í birkiskóg og er vel gróin, staðsett um 20 metrum sunnan við Fagradalsveginn í norður hlið áss sem þar stendur. Önnur samskonar kolagröf [2831-600] er um 1.5 m norðvestan við þessa.

Kolagröfin eru staðsettar um 60m vestan við miðju fyrirhugaðrar veglínu í valkosti B

Nr. 2831-602 Bæjarnafn Egilsstaðir Gömul nr. Ekki skráð áð. Jarðatalsnr. 24  
Svæði Sveitarfélag Múlaþing Dagur 20.08.2022 Skráning IK&RT  
Hlutverk Kolagröf Tegund Niðurgröftur Flokkun Nytjar  
Sérheiti Friðað Já Verkefni Fjarðarheiði jarðgöng

Ástand Greinanlegar fornleifar Hættumat Lítil hætta Hættuorsök

Aldur 870-1900 Horfin Nei Horfin ástæða

Efni Umhverfi og gróður Birkiskógur, vel gróið.

Lengd 3 m Breidd 2 m Hæð Hleðslu umferð


Túnakort Nei Örnefnaskrá

Mæling Uppmæling Heimildir

Isnet E 716051,099

Isnet N 535861,068 Minjagildi Lítið

Ljósmyndari IS Mótvægisaðgerðir



Kolagröf nokkuð ávöl í laginu um 3 m á lengd og 2 m á breidd. Mesta dýpt hennar er um 40 cm. Kolagröfin er staðsett upp á ás sem stendur á milli Fagradalsvegarins til norðurs og túns Egilsstaðabænda til suðurs. Minjarnar eru innan í vel grónum birkiskógi.

Kolagröfin er staðsett um 56m vestan við miðju veglínu í valkosti B.

Nr. 2831-603 Bæjarnafn Egilsstaðir Gömul nr. Ekki skráð áð. Jarðatalsnr. 24  
Svæði Sveitarfélag Múlaþing Dagur 20.08.2022 Skráning IK&RT  
Hlutverk Kolagröf Tegund Niðurgröftur Flokkun Nytjar  
Sérheiti Friðað Já Verkefni Fjarðarheiði jarðgöng

Ástand Vel greinanlegar fornleifar Hættumat Lítil hætta Hættuorsök

Aldur 870-1900 Horfin Nei Horfin ástæða

Efni Umhverfi og gróður Birkiskógur við norðurenda á túni.

Lengd 2 m Breidd 2 m Hæð Hleðslu umferð

Túnakort Nei Örnefnaskrá

Mæling Uppmæling Heimildir

Isnet E 715985,465

Isnet N 535797,456 Minjagildi Lítið

Ljósmyndari IS Mótvægisaðgerðir Engar



Kolagröf nokkuð ávöl í laginu, um 2 m á breidd og 2 m á lengd, mesta dýpt um 30 cm. Hún er staðsett í þykkum birkiskógi við norðurenda túns, um 50 m vestan við miðju veglínu í valkosti B.



Nr.	2831-604	Bæjarnafn	Egilsstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð áð.	Jarðatalsnr.	24
Svæði		Sveitarfélag	Múlaþing	Dagur	20.08.2022	Skráning	IK&RT
Hlutverk	Kolagröf	Tegund	Niðurgröftur	Flokkun	Nytjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fjarðarheiði jarðgöng		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	870-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni		Umhverfi og gróður					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	715376,040						
Isnet N	535653,950					Minjagildi	Lítið

Ljósmyndari IS Mótvægisaðgerðir

Borkjarna til að kanna hlutverk og aldur



Kolagröf, nokkuð ávöl í laginu, um 1,5 m á breidd og 2 m á lengd, mesta dýpt um 30 cm. Hún er vel falin í þykku kjarri, staðsett á lágum ás vestan við túnin sem ganga suður af Nautahúsum Egilsstaðabænda, um 40 m norðan við miðju veglínu í valkosti B

Nr. 2831-605 Bæjarnafn Egilsstaðir Gömul nr. Ekki skráð áð. Jarðatalsnr. 24  
Svæði Hríshólar Sveitarfélag Múlaþing Dagur 20.08.2022 Skráning IK&RT  
Hlutverk Kolagröf Tegund Niðurgroftur Flokkun Nytjar  
Sérheiti Friðað Já Verkefni Fjarðarheiði jarðgöng

Ástand Greinanlegar fornleifar Hættumat Mikil hætta Hættuorsök

Aldur 870-1900 Horfin Nei Horfin ástæða

Efni Umhverfi og gróður

Lengd 2 m Breidd 1,5 m Hæð Hleðslu umferð

Túnakort Nei Örnefnaskrá

Mæling Uppmæling Heimildir Engar heimildir

Isnet E 715125,855

Isnet N 535649,720 Minjagildi Lítið

Ljósmyndari IS Mótvægisaðgerðir Borkjarna til að kanna hlutverk og aldur



Kolagröf, ávöl í laginu, um 2 m á lengd og 1,5 m á breidd, mesta dýpt um 40 cm. Hún er staðsett í nokkuð opnum gömlum skógi á milli ónýtttra túna norðan við Hríshóla.

Kolagröfin er staðsett um **25 m** sunnan við miðju veglínu í valkosti B

Nr. 2831-606 Bæjarnafn Kollsstaðir Gömul nr. SM-26:015 Jarðatalsnr. 26  
Svæði Sveitarfélag Múlaþing Dagur 20.08.2022 Skráning IK&RT  
Hlutverk Leið Tegund Gata Flokkun Samgönguminjar  
Sérheiti Friðað Já Verkefni Fjarðarheiði jarðgöng

Ástand Greinanlegar minjar Hættumat Engin hætta Hættuorsök

Aldur 870-1900 Horfin Að hluta Horfin ástæða

Efni Troðningur Umhverfi og gróður

Lengd Breidd Hæð Hleðslu umferð

Túnakort Nei Örnefnaskrá

Mæling Uppmæling Heimildir

Isnet E 714473,456 Guðný Zoëga 1997:43

Isnet N 535156,612 Minjagildi Nokkurt

Ljósmyndari IS Mótvægisaðgerðir Engar



Reiðgata/slóði sem liggur frá norður enda túnsins við Kollstaði til austurs. Slóðin er vel greinileg á köflum. Aðeins hluti leiðarinnar liggur innan 100m áhrifasvæðis veglínu í valkosti B. Um er að ræða 120 m part sem er staðsettur frá 80-100m sunnan við miðju veglínu í valkosti B. Slóðin heldur svo áfram a.m.k. hálfan kílómetra til austurs utan áhrifasvæðis. Í fornleifaskráningu Safnastofnunar Austurlands eru skráðar reiðgötur, **SM-26:015**, um þær segir: „Austur frá Kollsstöðum. Í holtinu fyrir austan Flóann og stefna utanvert á Egilsstaðahálsinn. Þarna sjást einhverjar götur“ (Guðný Zoëga 1997:43). Líklegast er um að ræða sömu reiðslóða og skráðir voru 1997.



Nr.  Bæjarnafn  Gömul nr.  Jarðatalsnr.   
Svæði  Sveitarfélag  Dagur  Skráning   
Hlutverk  Tegund  Flokkun   
Sérheiti  Friðað  Verkefni

Ástand  Hættumat  Hættuorsök

Aldur  Horfin  Horfin ástæða

Efni  Umhverfi og gróður

Lengd  Breidd  Hæð  Hleðslu umferð

Túnakort  Örnefnaskrá

Mæling  Heimildir

Isnet E

Isnet N  Minjagildi

Ljósmyndari  Mótvægisaðgerðir



Grasi gróinn tvíhólfra tóft, 10m á lengd og 8.5m á breidd. Tóftin er staðsett austan undir Kollinum sem er klettaás stutt norðan við bæjarstæði Kollsstaða. Gamli akvegurinn [2831-608] liggur um 15m vestan við tóftina og um 10m suðaustan við tóftina er lítill tótt [2831-610]. Tóftin snýr suðvestur-norðausturs og er op inn í bæði hólf hennar á norðaustur hlið hennar. Tóftin kemur fyrir í fornleifaskráningu Safnastofunnar Austurlands með númerinu **SM-26;006** og er þar skráð sem stekkur (Guðný Zoëga 1997:42). Þetta getur líka verið fjánhús.

Tóftin er staðsett um 45 m sunnan við miðju veglínu í valkosti B.

Nr.  Bæjarnafn  Gömul nr.  Jarðatalsnr.   
Svæði  Sveitarfélag  Dagur  Skráning   
Hlutverk  Tegund  Flokkun   
Sérheiti  Friðað  Verkefni

Ástand  Hættumat  Hættuorsök

Aldur  Horfin  Horfin ástæða

Efni  Umhverfi og gróður

Lengd  Breidd  Hæð  Hleðslu umferð

Túnakort  Örnefnaskrá

Mæling  Heimildir

Isnet E

Isnet N  Minjagildi

Ljósmyndari  Mótvægisaðgerðir



Gamli bílvegurinn inn Vellina. Slóðinn kemur að utan frá Egilsstöðum og liggur að bæjarstæði Kollstaða. Safnastofnun Austurlands skráði veginn árið 1997 með númerinu **SM-26:014** og þar segir: „Liggur frá bifreiðaverkstæðinu Dagsverki inn Hraungarðana upp á bæjarhólinn [Kollsstaði] um Kollstaðaklauf í gegnum túnið á Kollstöðum ... Vegur þessi er enn vel greinanlegur en hann er þó orðinn nokkuð gróinn víðast hvar. Þetta er elsti bílvegurinn inn Austur-Vellina.“ (Guðný Zoëga 1997:43).

Vegurinn er enn nokkuð vel greinanlegur en á stöku stöðum hverfur hann í birki sem er að taka yfir á þessu svæði.

Búti af vegslóðinni var einnig skráður í fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 2021 og fékk þar númerið: **SM-611:008\_01** ). Er um að ræða áframhald af sama vegi. Bílvegurinn sjálfur er líklegast frá fyrri hluta 20. aldar en ekki er ólíklegt að hann liggi eftir gömlu reiðgötunni um sveitina heim að Kollstöðum. Vegurinn liggur í um 250m línu þvert í gegnum veglínunnar og áhrifasvæði hennar.

Nr.  Bæjarnafn  Gömul nr.  Jarðatalsnr.   
Svæði  Sveitarfélag  Dagur  Skráning   
Hlutverk  Tegund  Flokkun   
Sérheiti  Friðað  Verkefni

Ástand  Hættumat  Hættuorsök

Aldur  Horfin  Horfin ástæða

Efni  Umhverfi og gróður

Lengd  Breidd  Hæð  Hleðslu umferð

Túnakort  Örnefnaskrá

Mæling  Heimildir

Isnet E

Isnet N  Minjagildi

Ljósmyndari  Mótvægisaðgerðir



Ferhyrningslagað gerði með mjúkum hornum staðsett þétt undir vesturhlið Kollsins. Gerðið er um 12m á breidd og 14m á lengd. Veggir virðast hlaðnir úr grjóti og mesta hæð veggja rúmur 1m. Gerðið er hlaðið upp að brekkunni og myndar brekkan fjórðu hlið veggjarins. Op er á gerðinu til suðvesturs. Gerðið hefur árið verið skráð í fornleifaskráningu Safnastofnunar Austurlands og fékk þar númerið **SM-26:008**, þar voru minjarnar skráðar sem stekkur. Spýtu - og bárujárnsrusl liggur innan í gerðinu líkt og gerði þegar það var skráð 1997 (Guðný Zoëga 1997:42).

Gerðið er staðsett um 75m frá miðju veglinu í valkosti B.



Nr. 2831-610 Bæjarnafn Kollsstaðir Gömul nr. SM-26:007 Jarðatalsnr. 26  
Svæði Sveitarfélag Múlaþing Dagur 20.08.2022 Skráning IK&RT  
Hlutverk Óþekkt Tegund Tótt Flokkun Búsetuminjar  
Sérheiti Friðað Já Verkefni Fjarðarheiði jarðgöng

Ástand Greinanlegar fornleifar Hættumat Lítil hætta Hættuorsök

Aldur 1500-1900 Horfin Nei Horfin ástæða

Efni Torf Umhverfi og gróður Við gróna brekku

Lengd 1 m Breidd 1 m Hæð Hleðslu umferð

Túnakort Nei Örnefnaskrá

Mæling Uppmæling Heimildir

Isnet E 713772,371

Isnet N 535279,044 Minjagildi Nokkuð

Ljósmyndari IS Mótvægisaðgerðir Engar



Lítill tótt sem staðsett er um 11m austan við tvíhólfa tóftina [2831-607]. Tóttin er eins og grafinn inn í lága brekku og er hún um 1x1m að innanmáli með op til norðausturs. Minjarnar hafa áður verið skráðar í fornleifaskráningu Safnastofnunar Austurlands og fengu þar númerið SM-26:007. Hlutverk minjanna er er ekki skýrt.

Tóttin er staðsett tæpa 60 metra við miðlínu vegar í valkosti B.

Nr.  Bæjarnafn  Gömul nr.  Jarðatalsnr.   
Svæði  Sveitarfélag  Dagur  Skráning   
Hlutverk  Tegund  Flokkun   
Sérheiti  Friðað  Verkefni

Ástand  Hættumat  Hættuorsök

Aldur  Horfin  Horfin ástæða

Efni  Umhverfi og gróður

Lengd  Breidd  Hæð  Hleðslu umferð

Túnakort  Örnefnaskrá

Mæling  Heimildir

Isnet E

Isnet N

Minjagildi

Ljósmyndari  Mótvægisaðgerðir

Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er mýrin norðvestan við kollinn nefnd Lambhúsamýri. Ekki voru greinilegar minjar lambhúsa á yfirborði á svæðinu. Mögulega dregur þetta heiti nafn sitt af tvíhólfa tóftinni [2831-607] sem stendur austur undir Kollinum.

Miðja veglínu valkostar B liggur beint í gegnum mýrina.





# Skráningarsvæði

Ný veglína Fjarðarheiðargöng

Antikva ehf.


Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson

Skráning: Indriði Skarphéðinsson


20.08.2022



Kort  
1









<p><b>Skráðar fornleifar</b></p> <p>Ný veglína Fjarðarheiðargöng</p>		<p>Loftmyndir ehf.</p>	<p>metrar</p>	<p>N</p>	<p><b>Antikva ehf.</b></p>
					<p>Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson</p>
		<p>Kort 2</p>	<p>Skráning: Indriði Skarphéðinsson</p>		
			<p>20.08.2022</p>		






<p><b>Skráðar fornleifar og minjar</b> Ný veglína Fjarðarheiðargöng</p>		<p>Loftmyndir ehf.</p>	<p>0 40 80 160 240 320 metrar</p>	<p>N </p>	<p><b>Antikva ehf.</b></p>
					<p>Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson</p>
				<p>Kort 3</p>	<p>Skráning: Indriði Skarphéðinsson</p>
					<p>20.08.2022</p>






<p><b>Skráðar fornleifar og minjar</b></p> <p>Ný veglína Fjarðarheiðragöng</p>		<p>Loftmyndir ehf</p>	<p>0 40 80 160 240 320 metrar</p>	<p>N</p>	<p><b>Antikva ehf.</b></p>
					<p>Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson</p>
<p>Skráning: Ágúst 2022. Indriði Skarphéðinsson</p>		<p>Kort 4</p>	<p>20.08.2022</p>		





Afmörkun skráningarsvæðis  
Valkostur B  
Minjar

<b>Skráðar fornleifar við Kollstaði</b>	
Ný veglína Fjarðarheiðargöng	
	<b>Antikva ehf.</b>
	Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson
Kort 5	Skráning: Indriði Skarphéðinsson
	20.08.2022
